



Afglæpavæðing neysluskammta

Innlent 2

Í nýju frumvarpi er lagt til að varsla á neysluskömmtum fíkniefna verði ekki lengur refsiverð. Hvergi er tiltekið í lögum hvað neysluskammtur sé.



Diplómatísk friðhelgi

Erlent 4

Upp er komin milliríkjadeila milli Bretlands og Bandaríkjanna eftir að eiginkona bandaríks diplómats varð valdur að dauða 19 ára Breta í ágúst sl.



Ris og fall GAMMA

Fréttaskýring 6

GAMMA margfaldaðist að umfangi á örfáum árum en hefur nú verið tekið yfir af Kviku fyrir mun minna fé en lagt var upp með.



„Skemmtilegasta vinna sem ég hef verið í.“

Viðtal 20

Bjarni Þór Logason keypti hina gamalgrónu hverfisverslun Rangá í Skipasundi í sumar eftir að hafa lengi dreymt um að eiga eigin verslun.

MANNLÍF

Fréttir / Hönnun / Lífsstíll / Menning / Ísland / Heimurinn

V

VIÐTALID

Hrafnhildur Gunnarsdóttir

„Það er ekki gott að búa í angist“

Hrafnhildur Gunnarsdóttir kvikmyndagerðarkona hefur hlotið mikið lof fyrir Svona fólk, þætti hennar um baráttusögu homma og lesbía á Íslandi.

Hún segir okkur frá átökunum, sigrunum og gæfunni sem hún hélt að myndi ekki falla sér í skaut.





Innlent
LÖG OG REGLA

Hvað er neysluskammtur?

Ekki kemur fram í frumvarpinu eða lögum um ávana- og fíkniefni hvað neysluskammtur sé eða hvernig lögreglu beri að meta það á vettvangi. „Hugtakið neysluskammtur verður að endurspeglar það magn sem einstakur neytandi þarf á að halda til eigin neyslu. Þetta getur verið breytilegt eftir efnam og eftir einstaklingum. Það er nú þegar rík hefð hjá lögreglu um hversu mikið magn getur talist til dreifingar og sölu og hversu mikið getur talist minni háttar og þá til eigin neyslu. En valdið til að túlka þetta frumvarp ef það verður að lögum verður að endingu hjá dómstólum, til dæmis ef upp koma vafamál,“ segir Halldóra.

Í ársskýrslu Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu fyrir árið 2018 kemur fram að rúmlega 1.600 fíkniefnabrot voru skráð hjá embættinu í fyrra og var málafjöldinn svipaður og árið á undan. Langflest þeirra sneru að vörslu og meðferð ávana- og fíkniefna, eða um 1.240. Málum vegna flutnings milli lands og sölu og dreifingar fíkniefna fækkaði lítillega milli ára. Verði frumvarpið að veruleika má því gera ráð fyrir að skráðum fíkniefnabrotum muni fækka, jafnvel verulega.



KRONAN

Föstudagar eru
pizzadagar

3 FYRIR
2
Af öllu pizzadeigi alla föstudaga



www.kronan.is

Afglæpavæðing neysluskammta – Mun portúgalska leiðin virka hér?

Í nýju frumvarpi er lagt til að varsla á neysluskömmtum fíkniefna verði ekki lengur refsiverð. Einnig verður lögreglu óheimilt að gera upptæk efni neytenda, enda hefur þeirra hvorki verið aflað á ólögmetan hátt né þau í ólögmetri vörslu.

Halldóra Mogensen, þingmaður Pírata, er fyrsti flutningsmaður frumvarpsins, sem lagt var fram á Alþingi 7. október og vísað til velferðarnefndar 9. október. Meðflutningsmenn frumvarpsins eru átta þingmenn Pírata, Samfylkingar, Vinstri grænna, Viðreisnar og Flokks fólksins.

„Það var tekið vel í frumvarpið af flestum þeim sem tóku þátt í umræðunni enda liggur fyrir þverpólísk samstaða um að hætta að refska fólki sem á við fíknivanda að stríða. Fulltrúar allra flokka í velferðarnefnd skrifuðu undir nefndarálit með frávisunartillögu á seinasta þingi vegna neyslurýma þar sem nefndin beinir því til heilbrigðisráðherra að vinna markvisst að því að afnema refsingar fyrir vörslu á neysluskömmtum fíkniefna,“ segir Halldóra í samtali við Mannlíf. Og bætir við að hún sé vongóð um að frumvarpið verði að lögum. „Þetta snýst um skaðaminnkun, að viðurkenna raunveruleikann og bregðast við með aðferðum sem virka og með mannréttindi í fyrirrúmi.“

Tveggja greina frumvarp

Frumvarpið er einungis tvær greinar og samkvæmt því er lagt til í fyrstu grein að annarri grein laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 verði breytt á þann veg að:

1. mgr. orðast svo: Meðferð ávana- og fíkniefna, sem talin eru upp í 6. gr., er óheimil á íslensku forráðasvæði samkvæmt því sem nánar segir í 4. mgr. og 4. mgr. orðast svo: Innflutningur, útflutningur, sala, skipti, afhending, framleiðsla og tilbúningur efna er greinir í 6. gr. er bannaður, með þeirri undantekningu, sem getur um í 3. mgr. Hið sama gildir um vörslu efna þegar magn þeirra er umfram það sem talist getur til eigin nota.

Samkvæmt annarri grein frumvarpsins munu lögín öðlast gildi við samþykki þeirra.

Í greinargerð með frumvarpinu segir að verði það að lögum verði innflutningur og útflutningur fíkniefna, sala þeirra, skipti, afhending, framleiðsla og tilbúningur efnanna áfram bannaður. Hið sama gildir um vörslu efna í svo miklu magni að það geti ekki talist til eigin nota. Þannig er öruggt að áfram verður hægt að sakfella fyrir það sem kann að teljast alvarlegri brot á lögum um ávana- og fíkniefni, en refsingum ekki beitt gegn neytendum fíkniefna.

Lögreglu ekki heimilt að gera neysluskammta upptæka

Aðspurð um viðbrögð lögreglunnar við frumvarpinu svarar Halldóra að hún hafi fengið jákvæð viðbrögð frá einstaklingum innan lögreglunnar, en einungis óformlega. „Formleg viðbrögð koma væntanlega á næstu vikum í formi umsagnar við málið.“

Verði frumvarpið að veruleika mun lögreglu vera óheimilt að gera upptæk efni neytenda enda hafi þeirra hvorki verið aflað á ólögmetan hátt, né þau í ólögmetri vörslu.

Arinbjörn Snorrason, formaður Lögreglufélags Reykjavíkur, er staddur erlendis í frí og gat að svo stöddu ekki svarað fyrirspurnum Mannlífs vegna frumvarpsins.

Heilbrigðismál að afglæpavæða neysluskammta

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að undanfarin ár hafi íslenskt samfélag sammælt um að mikilvægt sé að aðstoða fólki með fíknivanda frekar en að refska því og að veita þeim sjálfsagða heilbrigðisþjónustu. Vísað er til Portúgals sem fordæmis um góðan árangur af afglæpavæðingu neysluskammta. Árið 2001 voru samþykkt lög þar í landi um að varsla neysluskammta væri ekki refsiverð. Þrátt fyrir ágreining um lögín á sínum tíma og efasemdir um árangur þeirra, hafa þær raddir þagnað og í dag er fjöldi vímuefnaneytenda hlutfallslega mjög lítill miðað við önnur lönd í Evrópu. Einnig hefur glæpum tengdum vímuefnaneyslu fækkað verulega á þeim átta árum sem lögín hafa verið í gildi. Í lok greinargerðarinnar segir: „Brotthvarf frá refsistefnu sem gengur út á að jaðarsetja neytandann vikur því nú um allan heim fyrir stefnu sem byggist á því að veita neytendum sem á þurfa að halda viðeigandi þjónustu. Með samþykkt frumvarps þessa mundi Ísland skipa sér í fremstu röð hvað varðar heilbrigðisþjónustu og mannúðlega nálgun gagnvart þeim neytendum vímuefna.“

Halldóra Mogensen.



BIRTÍNGUR EHF

Útgáfufélag - Síðumúla 28, 108 Reykjavík S: 515 5500



Lumar þú á frétt?

Sendu ábendingu á ritstjórn@birtingur.is

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Halldór Kristmannsson - Framkvæmdastjóri: Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir
Útgáfustjóri Mannlífs: Roald Viðar Eyvindsson - Fréttastjóri: Hólmfríður Gísladóttir - Ritstjórnartimarita: Hanna Ingibjörg Arnarsdóttir, Steingerður Steinarsdóttir - Blaðamaður: Ragna Gestsdóttir, Friðrika Benónýsdóttir
Umbrot og hönnun: Ivan Burkni - Forsíða Mannlífs: Hallur Karlsson - Auglýsingar: auglysingar@birtingur.is
Prentun: Landsprent - Dreifing: Póstdreifing



HLÝLEGAR MOTTUR
fyrir lifandi heimili



Frábært verð,
mikið úrval!

Nýtt í Höllinni

Handofnar og hlýlegar mottur frá Nirmal eru komnar í Höllina. Hver og ein motta skapar sína stemningu á þínu heimili og veitir einstaka hlýju og eftirtekt. Motturnar eru gríðarlega slitsterkar, úr 100% bómull, vafðar úr Jacquard mynstri frá Indlandi.

Komdu, skoðuðu og veldu þína mottu!



80x250 cm
15.900 kr



160x240 cm
29.900 kr



200x300 cm
49.900 kr

Reykjavík 10 – 18 virka daga
Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 10 – 18 virka daga
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga

Ísafjörður
Skeiði 1

HÚSGAGNA
HÖLLIN



Erlent
MILLIRÍKJASAMSKIPTI

Skulda milljarða í veggjöld



Um 23.000 einstaklingar njóta diplómáttískrar friðhelgi í Bretlandi. Um er að ræða sendierindreka ríkja, fjölskyldur þeirra og starfsmenn sendiráða.

Lög um diplómáttiska friðhelgi gilda einnig um sendiráðsbyggingar og má lögregla ekki ráðast þangað inn án heimildar viðkomandi ríkis. Það var á grundvelli þessara laga sem Julian Assange gat dvalið í mörg ár í sendiráði Ekvador í Lundúnum.

Árið 2017 voru 12 „alvarlegir“ glæpir taldir hafa verið framdir af einstaklingum sem nutu diplómáttískrar friðhelgi í Bretlandi; fjórir tengdust akstri en einnig var um að ræða kynferðisbrot, fjárkúgun og ólöglega vopnaeign.

Diplómatar eiga að fara að lögum en virðast ófeimnir við að nota friðhelgina til að skjóta sér undan sektum. Þannig skulduðu þeir samtals 100 milljónir punda í veggjöld árið 2017.

Diplómáttísk friðhelgi

Umdeild vernd



Diplómáttískri friðhelgi er sárasjaldan aflétt en það gerðist m.a. árið 1997, þegar Gueorgui Makharadze, sendierindreki frá Georgíu, varð valdur að árekstri í Washington DC. Makharadze var ölvaður og 16 ára stúlka lést, auk þess sem fjórir slösuðust. Stjórnvöld í Georgíu héldu í fyrstu verndarhendi yfir sendierindrekanum, sem var sá næstháttsettasti í sendiráðinu, en léstu að lokum undan þrýstingi og heimiluðu bandarískum yfirvöldum að sækja hann til saka. Makharadze var dæmdur í 7-21 árs fangelsi og afplánaði stærstan hluta dómsins í Georgíu.

Í fyrra neituðu bandarísk stjórnvöld hins vegar að aflétta friðhelgi ofurstans Joseph Hall, þegar hann var sakaður um að hafa orðið manni á mótörhjól að bana í Pakistan eftir að hafa ekið á rauðu ljósi. Hall yfirgaf Pakistan og Bandaríkjamenn neituðu að senda hann til baka.

Stjórnvöld í Kólumbíu brugðust ólíkt við þegar Jairo Soto-Mendoza var sakaður um að hafa myrt mann sem rændi son hans í Lundúnum árið 2002. Soto-Mendoza bar fyrir sig diplómáttískri friðhelgi en Kólumbía aflétti henni að beiðni breskra stjórnvalda. Soto-Mendoza var sýknaður.

Eitt þeirra mála er vörðuðu diplómáttiska friðhelgi og vöktu hvað mesta athygli var þegar lögreglukonan Yvonne Fletcher var skotin til bana fyrir utan sendiráð Líbíu í Lundúnum árið 1984. Mótmæli stóðu yfir en skotið sem hæfði Fletcher kom úr glugga á fyrstu hæð sendiráðsins. Eftir 11 daga umsátur sáu bresk stjórnvöld til þess að fjöldi starfsmanna sendiráðsins var sendur úr landi. Vegna laganna um diplómáttiska friðhelgi hafði lögregla hins vegar ekki heimild til að leita á starfsfólkinu eða í eigum þeirra.

Stakk af í kjölfar slyss

Upp er komin milliríkjadeila milli Bretlands og Bandaríkjanna eftir að eiginkona bandaríksk diplómats varð valdur að dauða 19 ára Breta í ágúst sl. og flúði land í kjölfarið. Fjölskylda hans krefst réttlætis.

Bandaríkjamenn hafa neitað að aflétta diplómáttískri friðhelgi Anne Sacoolas, sem er talin hafa orðið 19 ára Breta að bana í ágúst sl. Harry Dunn var á bifhjól sínu þegar Sacoolas ók á hann í nágrenni Chroughton-herstöðvarinnar í Northampton-skíri. Dunn lést af sárum sínum en Sacoolas flúði land í kjölfarið, þvert á það sem hún sagðist myndu gera þegar hún var yfirheyrð af lögreglu. Ráðamenn í Bretlandi og Bandaríkjunum deila nú um málið en fjölskylda Dunn hefur sagst ekki munu una sér hvíldar fyrir en réttlætið muni sigra.

Ljósmyndir sem náðust af minnis-punktum Donald Trump Bandaríkjaforseta á miðvikudag sýna að honum var ráðlagt að svara því á blaðamannafundi að Sacoolas myndi ekki snúa aftur til Bretlands til að aðstoða við rannsókn málsins. Í punktnum var m.a. vísað til samtals utanríkisráðherra ríkjanna, þar sem sömu svör voru gefin. Þá stóð einnig á minnisblaðinu að Sacoolas myndi sjálf ákveða hvort hún vildi ræða við bresk yfirvöld. Trump studdist hins vegar ekki við ráðleggingar undirmanna sinna, heldur spenn eigið svar.



Harry Dunn

„Þetta er mjög flókið mál, eins og þið vitið,“ sagði Trump á miðvikudag. „Ungur maður dó. Manneskjan sem ók bifreiðinni er með diplómáttiska friðhelgi. Við ætlum að ræða við hana bráðlega og sjá hvort við getum gert eitthvað. Þetta var slys ...“



Við ætlum að tala við hana og sjá hvað við getum gert til að ná sáttum.“ Forsetinn sagði einnig að það gerðist stundum að Bandaríkjamenn keyrðu á öfugum vegarhelmingi í Bretlandi en það er einmitt það sem lögregla telur hafa gerst.

Þegar málið kom fyrst upp lá ekki fyrir hvort Sacoolas nyti sannarlega diplómáttískrar friðhelgi en eiginmaður hennar starfar sem samskiptafultrúi fyrir bandaríska herinn. Innanríkisráðuneytið breska játaði hins vegar síðar að Sacoolas nyti friðhelgi og að þarlend stjórnvöld gætu lítið afhafst ef Bandaríkjamenn neituðu að aflétta henni. Beiðni þar að lútandi hefur verið borin fram af lögreglu, utanríkisráðherranum Dominic Raab og forsætisráðherranum Boris Johnson.

Sjónarspil af hálfu stjórnvalda Johnson sagðist sjálfur myndu ræða við Donald Trump ef Banda-

”

„Ég verð að svara ykkur hreint út; ég tel ekki rétt að nota diplómáttiska friðhelgi í þessum tilgangi.“

rikjamenn sæju ekki að sér. „Ég held að hugur allra sé hjá fjölskyldu Harry Dunn og við vottum þeim samúð vegna þessa hörmulega missis,“ sagði Johnson þegar hann var spurður um málið í vikunni. „Ég verð að svara ykkur hreint út; ég tel ekki rétt að nota diplómáttiska friðhelgi í þessum tilgangi.“

Foreldrar Dunn áttu fund með Raab á miðvikudag en eftir fundinn sagði móðir hans, Charlotte Charles, að stjórnvöld í Bretlandi og vestan hafs hefðu brugðist fjölskyldunni. „Ég skil

ekki af hverju okkur var boðið að hitta Dominic Raab. Við erum ekkert lengra komin en við vorum á sama tíma í síðustu viku. Hluta af mér finnst eins og þetta sé bara sjónarspil af hálfu breskra stjórnvalda til að sýnast vera að hjálpa okkur. En þrátt fyrir að hann sé að eiga við okkur samtál þá höfum við ekki fengið nein svör. Við erum örg yfir því að hafa varið hálf tíma eða meira með honum en vera engu nær.“

Charles biðlaði til Sacoolas í gegnum fjölmiðla um að sýna mannúð og koma til baka. Hún sagði viðbrögð Donald Trump ógeðfæld. Tim Dunn sagði það valda gríðarlegum vonbrigðum að menn teldu allt í lagi að komast upp með það að verða ungum dreng að bana.

Sacoolas, sem er 42 ára og hafði dvalið í Bretlandi í þrjár vikur þegar slysið átti sér stað, á yfir höfði sér fangelsisdóm ef hún snýr aftur.

Íslensk lög

Vínarsamningurinn um stjórnmalasamband ríkja var festur í lög hér á landi í mars 1971. Í honum segir m.a. um diplómáttiska friðhelgi:

31. grein

„Sendierindreki skal njóta friðhelgi að því er varðar refsiréttarlögsögu móttökurkísins. Hann skal einnig njóta friðhelgi að því er varðar einkamála- og framkvæmdarvaldslögsögu þess, nema þegar um er að ræða ...“

„Sendierindreki er ekki skyldur til að gefa skýrslu sem vitni.“

32. grein

„Sendiríkið getur afsalað friðhelgi sendierindreka og þeirra, sem njóta friðhelgi samkvæmt 37. gr.“

37. grein

„Þeir venslamenn sendierindreka, sem teljast til heimilisfólks hans, skulu njóta þeirra forréttinda og friðhelgi, sem 29.–36. gr. taka til, ef þeir eru ekki ríkisborgarar móttökurkísins.“

41. grein

„Það er skylda allra þeirra, sem njóta forréttinda og friðhelgi, að virða lög og reglur móttökurkísins, en þó þannig að forréttindi þeirra eða friðhelgi skerðist eigi. Á þeim hvílir einnig sú skylda að skipta sér ekki af innanlandsmálum þess ríkis.“



lindex.is

Sterkari saman

Bleika armbandið
2000,-

LINDEX



kjarninn

FRÉTTASKÝRING

GAMMA

Hlupu hratt, uxu mikið en hrösuðu á endanum

Fjármálafyrirtækið GAMMA hefur verið mikið til umfjöllunar undanfarið vegna þess að hluti sjóða þess reyndist ekki jafnburðugur og áður hafði verið greint frá. Vöxtur GAMMA á þeim rúma áratug sem það var sjálfstætt fyrirtæki var hraður og margir höggnuðust vel á viðskiptum sínum við það. Nú er hins vegar lítið eftir af því og líklegra en ekki að GAMMA verði vart til í fyrirsjáanlegri framtíð.

Eftir Þórð Snæ Júlíusson
Myndir / Hallur Karlsson



coffee

EININGASÓFI



Hvort sem þú leitar að litlum eða stórum sófa þá býður Coffee einingakerfið upp á lausnina.



VERÐ FRÁ: KR. 251.700
BREIDD: 186 CM • DÝPT: 94/210 CM • HÆÐ: 88 CM



VERÐ FRÁ: KR. 167.700
BREIDD: 202 CM • DÝPT: 94 CM • HÆÐ: 88 CM




VERÐ FRÁ: KR. 318.600
BREIDD: 220 CM • DÝPT: 94 CM • HÆÐ: 88 CM


- ÓTAL MÖGULEIKAR Á UPPRÖÐUN EININGA
- NOKKRAR TEGUNDIR AF ÖRMUM Í BOÐI
- VIÐAR EÐA STÁLFÆTUR

- ÆVINTÝRALEGT ÚRVAL ÁKLÆÐA
- MARGAR LEÐURTEGUNDIR Í BOÐI
- MJÚKAR EÐA STÍFAR Fyllingar


- VAL UM KANTSAUM Í ÖÐRUM LIT
- HNAKKAPÚÐAR OG SKEMLAR Í BOÐI
- VIÐ AÐSTOÐUM ÞIG VIÐ AÐ TEIKNNA UPP ÞÍNA ÚTFÆRSLU




BREIDD: 240 CM • DÝPT: 94/210 CM • HÆÐ: 88 CM




BREIDD: 397 CM • DÝPT: 167/210 CM • HÆÐ: 88 CM




BREIDD: 220 CM • DÝPT: 94 CM • HÆÐ: 88 CM



BREIDD: 268 CM • DÝPT: 94/167 CM • HÆÐ: 88 CM



BREIDD: 325 CM • DÝPT: 94/118 CM • HÆÐ: 88 CM



BREIDD: 105 CM • DÝPT: 94 CM • HÆÐ: 88 CM

LÍNAN

BÆJARLIND 14 - 16 | 201 KÓPAVOGI
SÍMI 553 7100 | LINAN.IS [f](#) / linanehf [t](#) / linan.is
Opið mánudaga - föstudaga 11 - 18 / Laugard. 11 - 16



kjarninn

FRÉTTASKÝRING

Sumarið 2008, nánar tiltekið í júní, tók til starfa nýtt fjármála-fyrirtæki. Því var valið nafnið GAM Management, en hefur aldrei verið þekkt undir öðru nafni en GAMMA.

Stofnendur voru tveir, þeir Gísli Hauksson og Agnar Tómas Möller. Þeir höfðu áður starfað saman í Búnaðarbankanum og Kaupþingi.

Líklega er vart hægt að velja verri tíma til að stofna nýtt fyrirtæki á fjármálamarkaði, sem ætlaði sér að einbeita sér að sjóðastýringu. GAMMA var skráð hjá fyrirtækjaskrá rúmum fjórum mánuðum áður en nánast allt íslenska bankakerfið hrundi.

Fókussinn var nokkuð skýr til að byrja með: á skuldabréfamarkaðinn sem stofnendurnir töldu óþægðan akur. MP banki, sem síðar varð að Kvik, keypti 37 prósentu hlut í fyrirtækinu og það fékk starfsleyfi sem rekstrarfélag verðbréfasjóða 20. mars 2009, þegar Ísland var í miðju efnahagslegu öngþveiti og enn átti eftir að komast til botns í endurfjármögnun nýju viðskiptabankanna þriggja.

Starfsmennirnir hjá GAMMA voru fjórir og allt var mjög smátt í sniðum. Fyrsta heila rekstrarárið voru stofnaðir tveir sjóðir sem áttu samanlagt hreina eign upp á 2,6 milljarða króna í lok árs 2009. Tap af rekstrinum, sem snerist um að rukka Umsýsluþóknanir fyrir að annars daglegan rekstur sjóðanna, var 15,3 milljónir króna.

Fasteignafjárfestingarnar fleyta GAMMA upp á yfirborðið

GAMMA fór hins vegar að vaxa strax á árinu 2010 og á því ári nam hagnaður af rekstri fyrirtækisins 76 milljónum króna. Árið síðar var hagnaðurinn kominn upp í 125,3 milljónir króna. Sjóðirnir í stýringu voru ekki nema sex, þrjár verðbréfasjóðir og þrjár fagfjárfestingsjóðir. Hrein eign þeirra óx hins vegar og var 17,1 milljarður króna í árslok 2011.

Á því ári varð þó breyting á hjá GAMMA. Þá voru stigin skref inn á markað sem hafði ekki verið fyrirferðarmikill hjá fyrirtækinu áður og átti eftir að reynast því ábatasamur en leiða líka til samfélagslegrar úlfúðar í garð þess, fasteignamarkaðinn.

Árið 2011 var Sölvi Blöndal, hagfræðingur sem var þekktastur fyrir að hafa verið trommari

”

„Fyrirtækið var gagnrýnt fyrir að hafa skrúfað upp leiguverð, fyrir að beita þrýstingi á íbúðaeigendur í fjölbýlishúsum sem sjóðir þess höfðu keypt sig inn í til að selja og fyrir að vera erfitt í samstarfi við aðra íbúðaeigendur þegar kom að viðhaldi.“

og driffjöður hljómsveitarinnar Quarashi, og Ásgeir Jónsson, þá efnahagsráðgjafi GAMMA og lektor við Háskóla Íslands en í dag seðla-bankastjóri, beðnir um að skrifa skýrslu um fasteignamarkaðinn á Íslandi. Þar kom fram að húsnæðisverð hefði lækkað mikið árið 2009 og hefði ekki náð sér eftir það. Lítið sem ekkert hafði þá verið byggt af nýju húsnæði á Íslandi frá hrúni og von var á risastórum árgöngum á markaðinn. Leiguverð hefði sömuleiðis lækkað eftir hrúnið og leiga væri 20 til 30 prósentum lægri að raunverði en hún hafði verið árið 2007. Niðurstaða skýrslunnar var að fyrirsjáanlegur skortur væri á húsnæði og að það væri tækifæri að myndast til að fjárfesta í íbúðarhúsnæði.

Skýrslan var kynnt fyrir hópi fjárfesta á lok-uðum fundi í lok árs 2011. Þeir sáu tækifærin sömuleiðis og tveir fagfjárfestingsjóðir, GAMMA: Centrum og GAMMA: Eclipse, voru settir á laggirnar til að kaupa upp lítið og meðalstórt íbúðarhúsnæði í miðborg Reykjavíkur og grónum hverfum í kringum hana. Það var gert án þess að mikið færi fyrir því. Það lá á að ná að kaupa eins mikið og hægt væri áður en að aðrir rynnu á lyktina. Það tókst vel.

Veðjuðu rétt en gagnrýndir mjög

Tveimur árum síðar var eftirspurnin eftir leiguhúsnæði orðin margfalt framboðið á slíku. Búið var að stofna leigufélag, sem síðar fékk nafnið Almenna leigufélagið, utan um útleigu íbúðanna sem sjóðirnir sem GAMMA stýrðu höfðu keypt, sem voru nokkur hundruð. Ljóst var á þróun íbúða- og leiguverðs að greiningin sem sett hafði verið fram í lok árs 2011 hafði verið hárrétt. Og hækkanir meira að segja meiri en menn reiknuðu með. Fjárfestar, sem voru meðal annars lífeyrissjóðir, högnust vel og hróður GAMMA sem sjóðstýringarfyrirtækis óx.

En fjárfesting íbúðarhúsnæðis er ekki eins og að fjárfesta í verðbréfum eða atvinnuhúsnæði. Hún getur haft bein áhrif á daglegt líf fólks. Fyrir því fékk GAMMA að finna.

Fyrirtækið var gagnrýnt fyrir að hafa skrúfað upp leiguverð, fyrir að beita þrýstingi á íbúðaeigendur í fjölbýlishúsum sem sjóðir þess höfðu keypt sig inn í til að selja og fyrir að vera erfitt í samstarfi við aðra íbúðaeigendur þegar kom að viðhaldi.

Í viðtali við Fréttatímann sáluga sem birt var 22. mars 2013 sagði Svanur Guðmundsson, þá formaður Félags löggiltra leigumiðlara: „Þeir eru að búa til bólu sem springur eins og graftarkýli á unglíngi. Þeir eru líka eins og unglíngar á þessum markaði. Þetta eru bara verðbréfamíðlarar sem eru í öðrum heimi. Það kæmi mér ekkert á óvart að leiguverðið þyrfti að hækka um fimmtíu prósent til að standa undir verði eignanna. Þessir menn eru ekki tengdir inn á hinn almenna borgara.“

Forsvarsmenn GAMMA tóku gagnrýninni illa og töldu hana ómaklega. Þeir bentu á að þeir væru hvorki ráðandi á leigumarkaði né að stóraukin útleiga á íbúðarhúsnæði til ferðamanna í gegnum AirBnB hefði miklu meiri áhrif til hækunar á leiguverði en umsvif sjóða GAMMA.

Styrktu menningu og vildu einkafjárfesta í innviðafjárfestingu

■ Það fór að vera völlum á GAMMA þegar fyrirtækið fór að stækka ört. Strax 2011 var til að mynda greint frá því að GAMMA myndi vera aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

GAMMA flutti í stærra húsnæði í Garðastræti í upphafi árs 2014. Þar var útbúið gallerí til að sýna samfélagslist, Gallery GAMMA. Síðar gerðist fyrirtækið aðalstyrktaraðili Reykjavíkurskákmoðtsins og bakhjarl Hins íslenska bókmenntafélags.

Gísli Hauksson tók þátt í að stofna hugveituna Rannsóknarsetur um nýsköpun og hagvöxt árið 2012. Ári síðar tók hann við sem formaður fjármálaráðs Sjálfstæðisflokksins, stöðu sem hann gegnir enn.

GAMMA fór líka að gera umfangsmiklar greiningar á sviðum sem fyrirtækið hafði ekki verið á áður og birta þær opinberlega í formi skýrslna. Árið 2013 var gefin út skýrsla um mögulega lagningu sæstrengs til Íslands og þremur árum síðar gaf GAMMA út stóra skýrslu um innviðafjárfestingar þar sem hvatt var til þess að hleypra einkafjárfestum að slíkum. Heildarumfang verkefna sem nefnd voru í skýrslu GAMMA og voru talin henta í einkafjármögnun nam ríflega 900 milljörðum króna. Meðal fleiri verkefna sem þar voru nefnd var mögulegur sæstrengur, gagnaflutningsfyrirtæki, orkufyrirtæki og lest milli Keflavíkur og Reykjavíkur.

GAMMA vann líka að beinni þátttöku í skilgreindum innviðaverkefnum. Sjóður fyrirtækisins samdi meðal annars um að fjármagna hina umdeildu Hvalárvirkjun og GAMMA myndaði um tíma vinnuhóp með lögfræðistofunni LEX til að skoða byggingu Sundabrautar í einkaframkvæmd.

Áfram veginn

Umfjöllunin dró hins vegar ekkert úr vexti GAMMA. Árið 2012 var hagnaður félagsins 225 milljónir króna og ári síðar 182,6 milljónir króna. Stofnendurnir og MP banki voru enn langstærstu eigendurnir en í hópinn hafði bæst Straumnes eignarhaldsfélag, í eigu Ara, Bjargar og Kristínar Fenger. Það gerðist í kjölfar þess að Jón Sigurðsson, fyrrverandi forstjóri FL Group og eiginmaður Bjargar Fenger, gekk til liðs við GAMMA sumarið 2012 til að stýra sérhæfðum fjárfestingum. Hann hætti störfum þar árið 2016.

Auk þess eignuðust lykilstarfsmennirnir Lýður Þór Þorgeirsson, Guðmundur Björnsson og Valdimar Ármann á þessum árum minni hluti. Í árslok 2013 voru ársverkin orðin 14, sjóðirnir í stýringu orðin 20 (þar af fjórtán fagfjárfestingsjóðir) og hrein eign sjóðanna samantlagt um 30,5 milljarða króna.

Mesti vöxturinn var samt sem áður eftir. Árið 2014 var hagnaðurinn 258,3 milljónir króna og 416,6 milljónir árið eftir. Arðgreiðslur urðu gerlegar og samtals voru greiddir úr 300 milljónir króna í slíkan á árunum 2013 og 2014. Árið eftir bættust 100 milljónir króna við.

Þegar þarna var komið sögu höfðu helstu einstaklingarnir á bak við GAMMA keypt hlut MP banka á rúmar 200 milljónir króna en það gerðist í byrjun árs 2014. Miðað við þann verðmiða var virði fyrirtækisins um einn milljarð króna. Arðgreiðslurnar dugðu langleiðina fyrir kaupverðinu.

Þegar komið var inn á árið 2016 voru ársverkin orðin 21, sjóðirnir 33 og eignir í stýringu 112 milljarðar króna. Alls voru 25 þeirra fagfjárfestingsjóðir, þar sem oftast er ekki er tekin meiri áhætta í von um meiri hagnad á þeim fjárfestingum sem ráðist var í. Oft skilaði þessi áhættutaka GAMMA, sem hagnaðist áfram sem áður á umsýslu- og árangurstengdum þóknunum auk sem rekstrarfélagið sjálft átti hlutdeildarskírteini í sjóðum, göðum arði.

Á því ári varð methagnaður bókfærður, alls 846 milljónir króna. GAMMA hafði haft alls rúma tvo milljarða króna í þóknunatekjur.



VERÐLAUNA- SKYR

→ HEIÐURSVERÐLAUN Í ALÞJÓÐLEGU
MATVÆLAKEPPNINI Í DANMÖRKU ←



INTERNATIONAL FOOD CONTEST, HERNING, DANMÖRKU 2019




Nýja KEA skyrið með mangó í botni var valið besta skyrið í International Food Contest keppninni sem nýlega var haldin í Herning í Danmörku. Þegar öllu er á botninn hvolft eru það ekki bara Íslendingar sem taka þessu nýja skyri fagnandi.





**FILIPPO
BERIO**

Freint meistaraverk





Viðtalið

HRAFNHILDUR GUNNARSDÓTTIR

Nei, ég er ekki hinsegin,“ svarar Hrafnhildur Gunnarsdóttir kvikmyndagerðarkona eftir að hafa starað íhugul á gólfíð í stutta stund. Þar flatmaga mæðgurnar Birna og Krumma og hafa litla skoðun á því hver húsmóðir þeirra er. Við sitjum í huggulegheitum á vinnustofu Hrafnhildar í Gufunesi, þar sem hún leggur lokahönd á síðustu þættina í þáttaröðinni *Svona fólk*, sögu homma og lesbía á Íslandi. Eða réttara sagt, sögu samkynhneigðra frá því að þeir fóru að stíga fyrstu skrefin út úr skápnum.

Þættirnir eru á dagskrá Ríkisútvarpsins á sunnudögum og hafa fengið afar góðar viðtökur. Þeir eru afrakstur 27 ára viðleitni til að skrásetja og varðveita samtímaheimildir um baráttu homma og lesbía; erfiðleikana, átökin og sigrana. En þar sem Hrafnhildur hefur alltaf verið opinská um afstöðu sína til orðsins *hinsegin*, þá liggur beinast við að spyrja hvort heitið *Svona fólk* sé uppreisn gegn hinsegin. „Nei,“ svarar hún, „hinsegin kemur síðar til sögunnar í mínum tímaramma.“ Titillinn *Svona fólk* varð til á tíunda áratugnum sem heiti á því sem átti upphaflega að verða mynd í fullri lengd, segir hún. „En ég upplifi sjálfa mig ekki sem hinsegin og mér finnst það vera útúrúnuningur; það lýsir ekki minni upplifun.“

Það er í raun táknrænt að hefja samtal okkar á smávegis inngangi um orðanotkun en snemma í þáttunum er sagt frá því þegar talsmenn Samtakanna '78 fóru með auglýsingu til RÚV og horfðu á þegar starfsmaður strikaði yfir orðin *hommi* og *lesbía* og setti *kynvillingar* í staðinn. Það tók tíma og barning að fá það í gegn að nota *hommi* og *lesbía* en nú segir Hrafnhildur þau aftur orðin útlæg. Nú sé allt hinsegin, hjá Samtökunum '78 „og ég þurfti að leiðrétta RÚV á dögnum. Við erum komin í mjög undarlegan hring,“ segir hún og hristir hausinn.

„Það er ekki gott að búa í angist“

Sagan sem sögð er í þáttunum nær aftur til byrjun áttunda áratugarins en það var alnæmisfaraldurinn sem varð til þess að Hrafnhildur hóf að taka upp viðtöl og viðburði. „Fyrsta viðtalið sem ég tók, 1992, var við góðan vin minn, Björn Braga Björnsson, Bjössu, og hann var að lýsa fyrir mér aðstæðum sínum. Þá var um líf og dauða að tefla því að hann var dáinn tveimur árum seinna. Þannig að okkur lá á að skrá og varðveita harða reynslu,“ útskýrir Hrafnhildur.

Samkynhneigðar ástir hafa auðvitað alltaf verið til en Hrafnhildur segir að undir lok sjöunda áratugarins hafi kynlífsbýlting hippanna gefið til efni til að halda að umburðarlyndi væri að aukast. Það markaði tímamót þegar hommar, lesbíur og dragdrottningar í New York gerðu uppreisn á götum úti sumarið 1969, sem kennd er við Stone-wall. Þá urðu straumhvörf í sögunni. Vandinn byrjar þegar fólk fór að vilja skilgreina sig og lífa lífinu opinberlega. „Það er ekki gott að lífa í angist. Fólk vill fá að deila gleði sinni og sorgum og það er kannski það sem er sársaukafullast að horfa á, til dæmis söguna sem hún Nanna segir í fyrsta þætti. Þær ástkonurnar voru algjörlega í felum og það sá ég meðal kvenna sem ég hitti hér á landi upp úr 1980. Þetta var svo rosalegt mál og þær svo agaðar af þögninni að það hálfa hefði verið nóg,“ segir Hrafnhildur.

Nanna Úlfarsdóttir þjóðfélagsfræðingur lýsir því mjög átakanlega í þáttunum hvernig það var að verða ástfangin af konu þegar hún var um tvitugt: „Allt er þetta í felum. Og í þögninni. Og það getur hver maður gert sér í hugarlund hvert þrek maður þarf að hafa til að leyndu sínum fegurstu, dýpstu og sterkustu tilfinningum án þess að mega nokkurn tíma, raunverulega, láta þær í ljósi.“

„Við erum komin í mjög undarlegan hring“

Alnæmið hefur aldrei verið gert upp í íslensku samfélagi, segir Hrafnhildur Gunnarsdóttir kvikmyndagerðarkona. Hún segir skrytna þróun hafa átt sér stað; orðin hommi og lesbía séu að hverfa. Það sé mikilvægt að þekkja fortíðina og ekki síður að vera undirbúinn fyrir bakslag.

Texti / Hólmfríður Gísladóttir
Myndir / Unnur Magna
Förðun / Björg Alfreðsdóttir, alþjóðlegur
förðunarfræðingur Yves Saint Laurent
á Íslandi





NÝR VOLVO XC90. ENDURHLAÐINN. FRUMSÝNDUR Á LAUGARDAG

Nýr og breyttur Volvo XC90 er kominn. Bíllinn sem þú treystir til að vernda fjölskylduna verndar nú umhverfið líka. Nýr Volvo XC90 sameinar okkar heimsklassa öryggi og T8 plug-in hybrid vél sem hönnuð er til að gera allar styttri ferðir útblásturslausar.* Öruggarí fyrir fólk. Öruggarí fyrir umhverfið.

XC90 T8 PHEV bensín/rafmagn. Verð frá: 10.590.000 kr.
XC90 B5 mild hybrid dísil. Verð frá: 9.590.000 kr.

Komdu á frumsýningu á laugardag kl. 12-16
Reykjavík og Akureyri



*Þegar ekið er í Pure Eco stillingu



Brimborg Reykjavík
Bíldshöfði 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

volvocars.is



Viðtalið

HRAFNHILDUR
GUNNARSDÓTTIR



„Og ég hugsaði: Þetta eru nú voða huggulegir og sætir strákar og bera af sér góðan þokka. Og ég spyr bara svona: **Veist þú um einhverja homma sem langar að verða pabbar? Og ég bara vissi að það myndi koma jákvætt svar!**“



Harpa og Hrafnhildur með dótturina Hólmfríði Bóel, köttinn Kæfu og mæðgurnar Birnu og Krummu. Mynd / Kristina Petra

og lesbía væru tilbúin til að halda bindinámskeið. „Þetta var frekjulega gert. Þegar trans fólk var tekið inn spannaði sú umræða þriggja ára tímabil. Við báðum þann sem var mest á móti því að taka þau inn að skoða málið með og á móti og forum á marga fyrirlestra bæði á vegum Samtakanna og Háskólans og við sýndum bíómyndir og héldum sérstök kvöld. Þannig að það var undirbúið. Og þegar þetta var borið upp á aðalfundi var það samþykkt með öllum atkvæðum.“

Það hvernig aðild BDSM Ísland bar að hafi hins vegar splundrað Samtökunum.

„Byltingin étur börnin sín,“ sagði maðurinn og það er eiginlega þannig sem Hrafnhildur lýsir ástandinu í kringum aðalfundinn 2016. „Við þekktum ekki fólk,“ segir Hrafnhildur um helming fundarmanna og talar um „fjandsamlega yfirtöku“. Hún kemur aftur að orðanotkuninni og hvernig orðin hommi og lesbía finnst varla lengur á heimasíðu eða í útgefnu efni Samtakanna '78. „Ég tel að Samtökin hefðu bara átt að fá að vera samtök homma og lesbía og svo hefði mátt stofna regnhlífarsamtök ef þessi félög vildu sameinast um ákveðin baráttumál,“ segir hún.

Hrafnhildur segir átökin 2016 til marks um mikilvægi þess að þekkja fortíðina, þegar ég spyr hana um afstöðu unga fólksins.

„Ég er ekki að segja að mín kynslóð sé eitthvað betri en yngri kynslóðir þekkja bara ekki söguna. Þessi fúkyrði sem fuku um okkur ... Við vorum kölluð „forréttindalesbíur og forréttindahommar“. Með silfurskeið í munni. En við höfum farið allt á hnefanum; við höfum orðið að berjast hart fyrir hverri einustu örðu. Ungt fólk veit sáralítið ef nokkuð um það hvernig lífið var árið 1975 þegar allt var í þögn og hvergi mátti tala um homma og lesbíur. Nema bara sem *sódomíta* og *kynvillinga*,“ segir Hrafnhildur.

„Hélt lengi vel að þessi reynsla myndi ekki hlotnast mér“

„Afturgöngur, við vorum líka kölluð afturgöngur,“ heldur Hrafnhildur áfram og er augljóslega heitt í hamsi en er jafnframt dögur. Það lífnar þó heldur betur yfir henni þegar við tókum upp næsta umræðuefni, ástina og Hólmfríði Bóel.

Það fyrrnefnda bankaði á dyr árið 2007 þegar efnt var til sýningar á verkum Hörpu Másdóttur hjá Samtökunum '78. Hrafnhildur var þá formaður en komst ekki á opnunina. Harpa var í salnum að setja upp.

„Ég fer og óska henni til hamingju og bara – Vá! Þetta er konan sem ég á eftir að giftast,“ segir sú sem hafði lýst því yfir á leikskólaaldri að hún ætlaði nú aldeilis ekki að ganga í hjónaband. „Svo fór ég heim og reyndi að gúggla hana en fann ekkert, það var bara ekkert fótspor á vefnum.“ Það tók nokkra mánuði að komast á stefnumót og loks var

það eftir ball að Hrafnhildur fékk óvænta hjálp við að fanga hjarta listakonunnar. „Ég bauð henni far heim því ég var bara eitthvað að skottast og var með hundinn í bílnum, sem sagt ömmu hennar Krummu, og það var hún sem sjarmeraði hana. Það var Jökla sem innsiglaði þetta ástarævintýri,“ segir Hrafnhildur og hlær.

Þær gengu í hjónaband 11.11.11, þegar sá sigur hafði unnist að ein hjúskaparlög giltu fyrir alla. Áður tók Hrafnhildur þó enn einn slag þegar í ljós kom að eyðublöð höfðu ekki verið uppfærð í takt við löggjöfina og henni var boðið að stroka yfir *brúðgumi* og skrifa *brúður* í staðinn. Ef það væri henni „hjärtans mál“. „Ég hváði bara: Hjartans mál?! Við erum að fara að gifta okkur, auðvitað er þetta hjartans mál!“ segir Hrafnhildur sem sendi umsvifalaust erindi til allra stofnana sem höfðu með málið að gera. Tveimur vikum seinna gat hún nálgast leiðrétt eyðublað.

Í kjölfarið æxluðust málin þannig að í hvert sinn sem Hrafnhildur fór í gegnum fataskápa þeirra Hörpu rakst hún á barnaföt sem hún kannast ekki við. „Þetta var ekki þrá sem ég þekkti. Ég var búin að berjast fyrir því að koma lögnum um tækni-frjóvgunina í gegn en að eignast barn var ekki efst á mínu blaði.“ Það var hins vegar ljóst að elskuna hennar dreymdi um barneignir og þá fannst Hrafnhildi lítið annað í stöðunni en að grípa til aðgerða.

Hrafnhildur var harðákveðin í því að barnið ætti þess kost að þekkja föður sinn. Þær Harpa vissu að það flækti vissulega málin en þær náguðust viðfangsefnið með opnum hug. „Það eina sem ég sagði var að ég ætlaðist til þess að barnið færi bara í eitt jólaboð. Hún er ekki að fara í fjögur jólaboð!“ segir Hrafnhildur hlæjandi. Hún hafði sjálf þekkt lesbíupar sem eignaðist barn með hommapari og svo skildi lesbíuparið ... og jú, vissulega var þetta flókið. En það var engu að síður fyrirkomulagið sem hugnaðist þeim best, ekki síst sú hugmynd að barnið ætti þá fleiri að.

Fyrir valinu urðu Sigurþór Gunnlaugsson og Roald Viðar Eyvindsson. Hrafnhildur var að svara skilaboðum um óskýlt efni frá þeim síðarnefnda þegar hugmyndinni laust niður. „Og ég hugsaði: Þetta eru nú voða huggulegir og sætir strákar, og bera með sér góðan þokka. Og ég spyr bara svona: **Veist þú um einhverja homma sem langar að verða pabbar? Og ég bara vissi að það myndi koma jákvætt svar!**“ Roald sagði sannarlega já, og það um hæl. „Þá var Sigurþór búinn að vera í miklum þælingum og já ... barnið varð til eftir samræður á Facebook,“ segir hún og hlær.

Víst þurfti eitthvað aðeins meira til en eftir viðræður, ráðgjöf og góða meðgöngu kom Hólmfríður Bóel í heiminn. Hrafnhildur og Harpa eru foreldrar Hólmfríðar á pappírnum en foreldrar hennar taka allar stórar ákvarðanir saman. Það er óumflýjan-

legt til að spyrja um það traust sem þarf að ríkja milli fólks ef málin eiga að ganga upp og hvað gerist ef fólk er ósammála?

„Lögin ná náttúrliga ekki yfir okkar samkomulag,“ svarar Hrafnhildur. „Ef þetta er eitthvað lífs-spursmál þá ráðum við þannig séð en við gerðum einfaldlega heiðursmannasamkomulag okkar á milli um að vera öll foreldrar hennar. Maður hefur horft upp á mjög marga sem eru bara í bölvuðu basli; gagnkynhneigt fólk sem skilur og síðan tekur við bölvuð vesen og læti og leiðindi. Við erum búin að lofa því að við munum ekki vera með læti og leiðindi. Barnið okkar á rétt á því að fá að alast upp í friði.“

Hrafnhildur segir ákveðin kost að þær Harpa hafi ekki verið nánir vinir þeirra Sigurþórs og Roalds áður en dóttirin kom til sögunnar. „Það voru náttúrliga nokkrir aðilar sem komu til greina sem voru nánari vinir okkar en ég held að það hefði orðið jafnvel flóknara. Þetta er alltaf flókið en dóttirin er svo ótrúlega vel heppnuð og við erum öll hamingjusöm. Það kom mér mest á óvart.“

Hvað þá?

„Það voru allir búnir að tala um að þetta yrði svo erfitt. Ég er náttúrliga 55 ára,“ svarar Hrafnhildur um hæl. „En meðgangan gekk ótrúlega vel og svo kom þessi krúttmoli í heiminn. Hún fer stundum svolítið seint að sofa, vill bara vera með okkur og borða sama mat en svo sefur hún alla nóttina og við þurfum að vekja hana klukkan tíu, hálfellefu á morgnana. Svo segir fólk að þetta sé draumabarn eldri foreldra en ég segi að þetta sé draumabarn allra foreldra! Ég hef aldrei í lífinu tekist á við svona spennandi verkefni. Og hélt lengi vel að þessi reynsla myndi ekki hlotnast mér.“

Varðandi það nýja samfélag sem tekur á móti Hólmfríði Bóel segir Hrafnhildur eins gott að vera við öllu búin.

„Það er búið að afnema að mestu lagalegt misrétti hvað fjölskylduvernd og fjölskyldurétt samkynhneigðra varðar. En ef við horfum til dæmis til Bandaríkjanna þá getur allt breyst,“ segir Hrafnhildur. Hún segir ekki sjálfgefið að þau réttindi sem við búum við verði ekki tekin til baka og þá komi til kasta almenningssálitsins.

„Ég sé það sem ákveðið áhyggjuefni; nú rísa upp flokkar sem gæla við rasisma og kynháttahatur og þaðan er ekki langt yfir í hatur á samkynhneigðum, trans fólki og skyldum hópum; hatur á öllu því fólki sem ekki fellur fullkomlega að ríkjandi gildum og gildismati.“ Hrafnhildur segir fólk verða að vera tilbúið til að mæta bakslagi í mannréttindabaráttunni en á Íslandi sé smæð þjóðarinnar ákveðinn kostur. „Hún hjálpaði til þegar fólk tók við sér. Þetta var í raun íslenska fjölskyldan ... áhrifamesta byltingin varð þar, inni á heimilunum.“

Lífstykkjabúðin



Fákafeni 9 | 108 Reykjavík

Opið

Mánudaga - Föstudaga 11-18

Laugardaga 11 - 16

S: 551-4473



Megum aldrei sofna á verðinum

Eftir / Friðriku Benónýsdóttur

Flestir láta sér fátt um finnast þegar réttindabaráttu hinsegin fólks ber á góma og halda því blákalt fram að það sé afgreitt mál og ekki um neitt að tala. Hinsegin fólk njóti allra sömu réttinda og aðrir, sumir ganga meira að segja svo langt að segja það njóta forréttinda. Þetta viðhorf er varasamt, eins og fram kemur í forsíðuviðtali við Hrafnhildi Gunnarsdóttur kvikmyndagerðarkonu í Mannlífi í dag. Kveikjan að viðtalinu eru sjónvarpsþættirnir Svona fólk sem nú eru í sýningu á RÚV þar sem Hrafnhildur fer ítarlega í saumana á baráttu homma og lesbía fyrir sömu réttindum og aðrir borgarar.



„... það er óhugnanleg tilhugsun að það viðmót, mannréttindaskerðing og hatur sem hommar og lesbíur mættu fyrir þessum „örfáu“ árum sé nánast gleymd og það þyki ekki lengur við hæfi að ræða það hvernig brotið var á þeim.“

Þættirnir voru 27 ár í vinnslu og eru án efa gagngerasta og víðamesta úttekt á baráttu tiltölulega fárra einstaklinga á Íslandi fyrir að teljast gjaldgengir í þjóðfélaginu. Það stóð nefnilega engin fjöldahreyfing að bakí þessari baráttu, þetta var framtak tiltölulega fámenns hóps þótt ótölulegur fjöldi einstaklinga hafi síðan notið góðs af þegar mannréttindi hinsegin fólks fóru smátt og smátt að verða viðurkennd í lögum.

Það er heldur ekki langt síðan þessi barátta fór fram. Samtökin '78 eru aðeins rúmlega fertug, eins og nafnið bendir til, og það er óhugnanleg tilhugsun að það viðmót, mannréttindaskerðing og hatur sem hommar og lesbíur mættu fyrir þessum „örfáu“ árum sé nánast gleymd og það þyki ekki lengur við hæfi að ræða það hvernig brotið var á þeim. Mannréttindi eru ekki tryggð í eitt skipti fyrir öll, eins og sagan kennir okkur, og þess vegna er nauðsynlegt að vera meðvítuð um það sem á undan er gengið til að hægt sé að greina hættumerkin og sporna við óheillavænlegri þróun í tíma. Í þeirri baráttu eru þættir Hrafnhildar ómetanlegt framlag. Íslendingum hættir til að miklast af eigin ágæti og telja sig fremsta meðal þjóða þegar kemur að réttindum minnihlutahópa, en er það raunin? Þrátt fyrir endalausar skipanir nefnda og fögur loforð er fullum réttindum ýmissa hópa undir regnhlífinni ekki enn náð. Á síðustu tíu árum hafa flest þau lönd sem við berum okkur saman við tekið fram úr okkur í ýmsum lögum sem tryggja réttindi hinsegin fólks og það er morgunljóst að sjálfshól og bakklapp vegna þess hvað Íslendingar standi sig nú vel gagnvart réttindum hinsegin fólks er ansi vanhugsað og skammsýnt. Við erum kannski ekki komin aftur á þann stað sem við vorum á fyrir fjórutíu árum hvað þessi mál varðar en þróunin í nágrannalöndum okkar, þaðan sem fréttir berast af endurteknum árásum á hinsegin fólk á götum úti, sýnir að það er örstutt í bakslag og að það er lífsspursmál að sofna ekki á verðinum.



JONO DUFFY & EINAR V. MÁSSON

Eftir / Sigríði Dagnýju Sigurbjörnsdóttur



Hvar er samstaðan?

■ Í ljósi umræðu síðustu daga um tap og óráðsú reksturs fjölmiðla er vænlegast að spyrja hvar samstaðan sé hjá fólki í stéttinni og hvort hún sé ekki nauðsynleg frekar en að menn skríði ofan í skotgrafimar?

Fjölmiðlafólk er upp til hópa harðduglegt og leggur mikinn metnað í vinnu sína hvar svo sem efnið birtist okkur þjóðinni til upplýsingar og ánægju. Hvergi annars staðar í nágrannalöndunum eru borin út fríblöð í eins miklu magni og á Íslandi, ef miðað er við höfðatölu en taka má það sem eitt dæmi um þau fjölmörgu fríðindi sem við búum við hér á landi. Við njótum þeirra forréttinda að getað aflað okkur fróðleiks eða notið afþreyingar á okkar tungumáli í fjölbreyttum miðlum landsins. Við sem búsett erum á Íslandi getum verið stolt af okkar margbreytilegu fjölmiðlum þrátt fyrir smátt landsins.

Hins vegar skiptast á skin og skúrir í heimi fjölmiðla á Íslandi, sumir miðlar enda gjaldþrota

eða hætta útgáfu og fólk sem vinnur á þeim missir vinnuna á einu augabragði, svo undarlegt er þetta umhverfi. Ástæðurnar fyrir þessu eru ýmsar. Útgáfukostnaður er gríðarlega hár miðað við þær tekjur sem aflast með auglýsingum, áskriftum eða styrkjum eins og sumir fjölmiðlar treysta á. Mikill kostnaður er við dreifingu,

prentun, hýsingu eða hvað annað er telst til við útgáfu. Hann er þegar á allt er litið of hár þrátt fyrir margvíslegar fórnir starfsfólks. Barist er um hverja krónu í auglýsingadeildum sem og á birtingahúsum landsins og hver dagur er barátta fyrir góðum rekstri miðlanna en samt sem áður lækkar verð á

hverri seldri birtingu en kostnaður eykst á sama tíma.

Þrátt fyrir þetta hafa sem betur fer einhverjir enn áhuga á því að eiga fjölmiðla, annars væru störfn í þessari grein töluvert færri og fjölbreyttnin mun minni. Ekki hafa allir eigendur miðla á Íslandi

hagsmuna að gæta eða pólitískan ávinning af eign sinni, eins og til dæmis framkvæmdastjóri Stundarinnar hefur látið í veðri vaka.

Allt þetta vitnar um atvinnugreini í hættu, „brennlaðan bransa“, eins og framkvæmdastjóri Stundarinnar orðar það. Engin samstaða ríkir á milli miðla. Þeir skiptast í lið eins og yfirleitt þegar eitthvað bjátar á. Hér eiga þó allir hagsmuna að gæta því þegar og ef við missum fleiri fjölmiðla, jafnvel heila tegund innan þessarar starfsgreinar, missum við menningarverðmæti, stuðning við íslenskt mál og tækifæri til að mynda sér skoðun á grunni fjölbreytilegrar og lífandi umræðu.

Höfundur er framkvæmdastjóri Birtings.

Aðsendar greinar ásamt mynd af höfundi sendist á ritstjorn@birtingur.is. Hámarkslengd texta er 450 orð.

Probi Mage mjólkursýrugerlar - fyrir þarmaflóruna og varnir líkamans!

"Uppþemba, vindgangur, niðurgangur og/eða hægðatregða er ekki eðlilegt ástand til langs tíma og getur verið merki um ójafnvægi í þarmaflóru okkar. Ég mæli með Probi Mage mjólkursýrugerlum."

- Þorbjörg Hafsteinsdóttir næringarþerapisti

abel heilsuvörur
www.abelheilsuvorur.is



Sleggjan



„Þessi stefnubreyting Bandaríkjamanna og boðaðar hernaðaraðgerðir Tyrkja gegn Kúrdum á sýrlensku yfirráðasvæði eru mjög slæm tíðindi. Bæði tel ég nokkuð einsýnt að slíkar aðgerðir muni hafa gríðarleg áhrif á almenna borgara. Ekki er heldur útilokað að slíkar aðgerðir geti leyst hryðjuverka-samtökin sem kenna sig við íslamskt ríki aftur úr læðingi.“

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra segir boðaðar hernaðaraðgerðir Tyrkja gegn Kúrdum á sýrlensku yfirráðasvæði vera slæm tíðindi.



„Nei, frú dómsmálaráðherra. Það er ekki rétt sem haft var eftir þér við upphaf embættissetu þinnar að Ísland framfylgi mannúðlegri stefnu í málefnum flóttafólks.“

Helga Vala Helgadóttir, þingmaður Samfylkingar, segir íslensk stjórnvöld brjóta á lagaskyldum í garð flóttafólks.



„Það eru einhver undarleg öfl þarna að verki.“

Drífa Snædal, forseti ASÍ, um fjárhagsfall Gamma fjárfestingarsjóðs.

„Davíð eyðilagði Sjálfstæðisflokkinn sem fjöldahreyfingu, hann eyðilagði skattkerfi, félagslega húsnæðiskerfið, einkavæddi bankanna með ömurlegum afleiðingum, kallaði Hrunið yfir þjóðina með afgangnum sínum, svo fátt eitt sé nefnt. Ef stjórn-málaráðgjafi vill rata út úr þeirri blindgötu sem Davíð dró þjóðina inn í ætti það að spyrja sig í hverju máli: Hvað myndi Davíð gera? Og gera svo það gagnstæða.“




Gunnar Smári Egilsson, sósíalístarforingi og athafnamaður, fer ófögurum orðum um Davíð Oddsson, ritstjóra Morgunblaðsins.



„Í dag er ég frjálst og get farið hvert sem er á meðan íslensk stjórnvöld ræna mig ekki lífeyrissparnaðinum mínum en það eru mínar helstu áhyggjur eins og er.“

Anna Kristjánsdóttir, fyrrverandi vélstýra, fékk nóg af háu verðlagi á Íslandi og flutti til Tenerife.



„Maður gerir sér alveg grein fyrir því að maður er ekki að fara að lifa af launum eitthvað langt fram í tímann. Maður getur ekki tekið eitthvað eitt tímabil í Taílandi og komið moldaður heim. Þetta er svona aðeins öðruvísi veruleiki sem við búum við.“

Elín Metta Jensen, landsliðskona í fótbolta og læknanemi, segir að leikmenn í kvennaboltanum geti ekki lifað á launinum á sama hátt og karlarnir.



„Íslendingar dansa ekki eftir takti – þeir dansa eftir textum.“

Páll Óskar um frammistöðu landsmanna á dansgólfinu.

Góð vika



Miðflokkurinn

Baltasar Kormákur fékk langþráðan draum uppfylltan í vikunni þegar Netflix pantaði Kötlu-þætti hans og meðlimir Sigur Rósar önduðu án efa léttar eftir að skattsvikamáli sveitarinnar var vísað frá dómi. Vafalaust hafa þó fáir fagnað jafnmikið og Miðflokkurinn sem náði því takmarki að verða næststærsti flokkur á þingi í skoðakönnun. Eins og kunnugt er hafa þingmenn flokksins orðið uppvísir að ýmsu misjöfnu í gegnum tíðina; níði um minnihlutahópa, útlendingaandúð, stækri kvenfyrirlitningu og fleiru en það hefur ekki komið að sök. Flokkurinn fer úr 12% í 14,8%. Sem sýnir kannski að dólgháttur borgar sig?

Slæm vika



Reykjavíkurborg

Það virðist ekki eiga af borgaryfirvöldum að ganga. Í vikunni kom í ljós að verktakafyrirtæki, í samstarfi við Samtök iðnaðarins, hefur stefnt Reykjavíkurborg vegna innviðagjalda sem þeir telja ólögmæt og nema fjárhæðirnar milljörðum króna. Mörgum er enn í fersku minni þegar allt ætlaði um koll að keyra vegna pálmatrés-málsins og þar áður vegna framúrkeyrslu borgarinnar í braggamálinu, þar sem svívirðilega var brúlað með almannafé. Minnihlutinn í Reykjavík hefur hvað eftir annað bent á óráðsú í stjórnun og fjármálum borgarinnar og þetta nýjasta mál gæti orðið einn enn höfuðverkurinn fyrir meirihlutann.



Trésmiðjan Stígandi tekur að sér allt sem við kemur byggingum og mannvirkjagerð. Á tæknivæddu verkstæði smíðum við nánast hvað sem er, allt eftir þínum óskum. Við leggjum áherslu á vönduð vinnubrögð og persónulega þjónustu.



TRÉSMIÐJAN STÍGANDI

FAGMENN Í TRÉVERKI SÍÐAN 1947

TRÉSMIÐJAN STÍGANDI / SÍMI: 452 4123 / WWW.STIGANDIHF.IS



Viðtal

BJARNI ÞÓR LOGASON

Lofaði dóttur sinni því að kaupa Rangá

Bjarni Þór Logason keypti hina gamalgrónu hverfisverslun Rangá í Skipasundi í sumar og hefur rekið hana síðan í júlí. Hann segir ástæðuna fyrir kaupunum einfalda; hann hafi lengi starfað innan verslunargeirans en alltaf dreymt um að eiga sína eigin verslun. Þar ofan á bætist að hann búi í hverfinu og viti hversu miklu máli hin áttatíu og átta ára gamla verslun Rangá skipti fyrir íbúana.

Texti / Friðrika Benónýsdóttir Myndir / Hallur Karlsson

Ég tók við rekstrinum hérna 10. júlí,“ segir Bjarni þegar honum loks gefst tólm til að tala við okkur. „Ég tengdist þessari búð ekkert fyrir þann tíma,“ bætir hann við. „Ég bara bý hérna í hverfinu.“

En hvernig dettur nokkrum manni í hug að gerast kaupmaðurinn á horninu á þessum síðustu og verstu tímum, eru þeir ekki allir að fara á hausinn?

„Þeir eru allir farnir á hausinn,“ segir Bjarni og hlær við. „En þessi verslun er áttatíu og átta ára gömul og hefur staðið af sér ansi margt í gegnum tíðina. Ég er viðskiptafræðingur og skoðaði reksturinn vel áður en ég ákvað að kaupa, sá að þetta var vel rekið fyrirtæki svo ég ákvað að kýla bara á þetta.“

Trygglyndustu viðskiptavinirnir

Bjarni hefur lengi unnið verslunarstörf, byrjaði hjá 10-11 fór þaðan í Hagkaup og síðan á skrifstofu Ölgerðarinnar svo hann segist þekkja verslunarrekstur ansi vel frá báðum hliðum. Draumurinn um eigin verslun hafði þó alltaf blundað undir niðri og þetta leggist vel í hann.

„Þetta leggst bara vel í mig, já,“ segir hann. „Salan hefur verið stöðug síðan ég tók við. Viðskiptavinir Rangár eru rosalega dyggir, mikið af fastakúnnum sem eru trygglyndustu viðskiptavinir sem ég hef kynnst, enda er það stórt atriði í þeirra huga að missa ekki kaupmanninn á horninu.“

Er þetta samt ekki hálfvonlaust dæmi? Er einhver möguleiki að vera samkeppnisfær við stórmarkaðina?

„Það fer nú eftir því við hvaða stórmarkaði þú miðar,“ segir Bjarni. „Ég keppi ekkert við lágveruverslanir en ég er samkeppnisfær við aðra. Ég er til dæmis búinn að lækka verðið á hátt í tvö hundruð vörum síðan ég tók við rekstrinum, bara með því að endursema við birgja.“

Spurður hvort það sé einhvers konar hugsjón hjá honum að sinna verslunarrekstri fyrir nærumhverfi sitt dregur Bjarni við sig svarið.

„Nei, í rauninni ekki,“ segir hann hugsji. „Ég var að vinna á skrifstofu hjá Ölgerðinni í tvö ár og þar var dagurinn lengi að líða. Hérna er hann mjög fljótur að líða. Mér finnst gaman að vinna í búð og mig hefur alltaf langað til að eiga eigin verslun. Þótt það hafi verið mjög gaman að vinna í Hagkaup, frábært fólk og svona, þá hefur það verið minn draumur síðan ég byrjaði að vinna í búð í kringum aldamótin að eiga mína búð sjálfur.“

Finnt töff að eiga búð með pabba

Eins og fram er komið býr Bjarni í hverfinu með fjölskyldu sinni, eigin konu og þremur börnum, er þetta ekki



Rakef Ólafsdóttir og Bjarni Þór Logason eiga og reka hverfisverslunina Rangá í Skipasundi.

ófjölskylduvænt starf, er hann ekki alltaf í vinnunni?

„Jú, jú, en ég var það hvort eð er,“ segir hann og brosir. „Það sem er öðruvísi þegar maður ræður sér sjálfur er að nú geta krakkarnir komið og hjálpað til í búðinni. Saga dóttir mín, sem er níu ára, á sinn eigin verslunarslopp hérna og nafnspjald og kemur stundum og aðstoðar við áfyllingar og svona. Henni finnst þetta óskaplega spennandi, en bræður hennar eru eins og fimm ára þannig að þeir eru lítið farnir að spá í þetta enn þá. Henni finnst það mjög töff að geta sagt krökkunum að hún eigi búð með pabba.“

Saga tengist reyndar draumi Bjarna um að kaupa Rangá frá upphafi.

„Við tvö fórum stundum hingað að versla áður en ég keypti,“ útskýrir hann. „Og ég sagði við hana í fyrsta

”

„Erlendis er verslun víða að færast aftur inn í hverfin. Flestir risarnir, eins og Walmart og svona, opna miklu minni búðir í dag en áður vegna þess að fólk vill hafa þjónustuna nær sér.“

sinn sem við komum að ég ætlaði að kaupa þessa búð einhvern tímann og hún man alveg eftir því. Og er mjög stolt af mér fyrir að hafa staðið við það.“

Sömu fastakúnnar síðan 1970

Hvernig er viðskiptavinahópurinn samsettur? Er það mest eldra fólk sem heldur tryggð við hverfisbúðina eða er þetta fólk á öllum aldri?

„Það er allur skalinn,“ segir Bjarni. „Þetta er gamalt og mjög rótgróið hverfi en það hefur orðið mikil endurnýjun hérna. Fyrri eigendur skil-uðu mjög góðu starfi, það er algjört afrek að hafa náð að halda þessari búð gangandi í gegnum allt, en ég hef aðeins reynt að bregðast við breyttri íbúasamsetningu hverfisins. Hef til dæmis lagt mig fram um að lækka verð á nauðsynjum fyrir

fjölskyldufólk. Mesta salan er samt til eldri einstaklinga sem hafa búið hérna lengi. Þeir gera sín heildarinnkaup hérna og hafa gert mjög lengi. Ein hjón sem koma nánast daglega hafa til dæmis verslað hérna síðan áður en fyrri eigendur tóku við, 1971, þannig að þau hafa verslað hérna ansi lengi og eru mjög ánægð með að verslunin skuli enn vera í rekstri. Ég hef lagt mig fram um að breyta ekki miklu, hélt öllu starfsfólkinu og svo framvegis, þótt ég sé aðeins að brydda upp á nýjungum með.“

Bjarni er bjartsýnn á framtíð hverfisverslana og bendir á að þróunin erlendis miði að því að færa þjónustu meira út í hverfin.

„Erlendis er verslun víða að færast aftur inn í hverfin,“ segir hann.

„Flestir risarnir, eins og Walmart og svona, opna miklu minni búðir í dag en áður vegna þess að fólk vill hafa þjónustuna nær sér. Nú er fólk farið að ganga og hjóla miklu meira en það gerði og leggja bílnum þannig að það er mjög ánægt með að vera með matvöruverslun í göngufæri.“

Ein rómantíkin í kringum kaupmanninn á horninu felst í því hversu miklu meiri nánd skapist á milli starfsfólks hverfisverslana og viðskiptavina en í stærri búðum. Bjarni segir það enga goðsögn.



„Ég hef lagt mig fram um að breyta ekki miklu, hélt öllu starfsfólkinu og svo framvegis, þótt ég sé aðeins að brydda upp á nýjungum með,“ segir Bjarni.

„Alla vega er það þannig hérna,“ segir hann. „Meðalstarfsaldur starfsfólksins er yfir tíu ár og þau þekkja nánast alla kunnana með nafni. Svo hittir fólk nágranna sína hérna og spjallar, talar um Þrótt og kvenfélagið og allt sem er í gangi hér í hverfinu þannig að þetta er líka dálítill félagsmiðstöð í leiðinni.“

Spurður hvort hann sjái fyrir sér að hann standi við búðarborðið í Rangá fram á eftirlaunaaldur segist Bjarni ekki vita neitt um það, hann hafi ekki sett sér nein tímamörk.

„Þetta er skemmtilegasta vinna sem ég hef verið í,“ segir hann. „Og á meðan þetta gengur vel er ég ánægður.“

Nýr iPhone 11 Pro

Kominn í verlanir Epli



🍏 iPhone 11 Pro

🍏 iPhone 11 Pro Max

5,8" / 6,5" Super Retina skjár | A13 Bionic örgjörvi

12MP Þrjár myndavélar: Wide, Ultrawide &
Zoom með Night Mode

Face ID Öruggt auðkenni | Apple Pay

Gull | Grænn | Silfur | Dökkgrár



Laugavegi 182 og Smáralind | Sími 512 1300 · epli.is



„Fórum alla leið með sjálfhverfunu“

Leikhópurinn RaTaTam vakti griðarlega athygli með sýningu um heimilisofbeldi unnið upp úr reynslusögum fólks. Þar var notuð nýstárleg aðferð er kallast verbatim en þá eru raunverulegar persónur og frásagnir þeirra lagðar til grundvallar leiksýningar. Þetta var áhrifamikið og þegar í kjölfarið fylgdi hin frumlega og skemmtilega sýning Ahh, byggð á ljóðum Elísabetar Jökulsdóttur, má segja að leikhópurinn hafi náð festa sig rækilega í sessi. Nú standa yfir sýningar á nýju verki, HÚH! (Best í heimi) í Borgarleikhúsinu. Forvitnilegt að vita hvað er þar til umfjöllunar.

Texti / Steingerður Steinarsdóttir Mynd / Hákon Davíð Björnsson

RaTaTam samanstendur af þeim Guðrúnu Bjarnadóttur, Hildi Magnúsdóttur, Albert Halldórssyni, Charlotte Bøving, Halldóru Rut Bjarnadóttur og Guðmundi Þorvaldssyni. Líklega dylst engum að HÚH! er vísun í hyllingu Íslendinga á landsliði sínu og endurspeglar þjóðarstoltið okkar. Í lýsingu á verkinu segir einnig að það fjalli um sjálfíð. Hvernig tengist titillinn sjálfínu? „HÚH byggir á reynslusögum leikara verksins, sem allir eru hreinræktaðir Íslendingar,“ segir Halldóra Rut. „Fátt er meira einkennandi fyrir þjóðina og fyrir fátt hefur hún verið þekktari undanfarin misseri en vikingaklappið. En vikingaklappið hefur víðari skírskotun. Það situr djúpt í þjóðarsálinni að allir verði að afreka eitthvað. Við þykjum einstök á heimsvisu. Þrjú hundruð þúsund manna þjóð með þrjár konur í allra fremstu röð í heiminum í Fitness.“

Landslið í hópíþróttum á lokamótum stórmóta í knattspyrnu-, körfu- og handbolta aftur og aftur. Að ekki sé minnst á tónlistarfólkið, leikarana, rithöfundana, kvikmyndagerðarfólkið. Ísland, best í heimi, er ekki svo fjarri lagi. En hvernig stendur á þessu? Hver er fórnarkostnaðurinn? Heimsmet í geðlyfjatöku? Af því að við erum öll Íslendingar, nema leikstjórnin. Í RaTaTam höfum við ekki haldbæra þekkingu á sjálfsmýnd annarra þjóða en erum þess nokkuð viss að í okkar sögum muni aðrir finna samhljóm. HÚH er líka afbökun á enska orðinu WHO, sem er okkar stytting á Who am I.“

Hafa áhuga á hinu mannlega

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem RaTaTam velur að vinna leikverk með verbatim-aðferðinni. Hvers vegna veljið þið hana? „Ratatam er rannóknar-leikhópur. Við höfum mikinn áhuga á mannlegu eðli. Við viljum hafa áhrif á og vekja upp spurningar og umræður í samfélaginu sem við búum í,“ segir Guðmundur. „Við höfum áhuga á samfélaginu okkar, hinu mannlega, hversdagslega, hinu smáa, mistökum, mörkum eðlilegheita og geðveiki, mörkum ástar og sársauka, af hverju við erum svona þunglynd og óhamingjusöm þrátt fyrir fordæmalaus velsæld.“

Okkur finnst skemmtilegt að safna reynslusögum úr nærumhverfinu og gera úr því listaverk. Hlutverk listarinnar er að spegla, greina, velja við steinum, varpa ljósi á hið smáa og lækna með húmor og kærleika. Okkur finnst þessi hugmyndafræði einfaldlega meira spennandi en verk sem þegar hafa verið skrifuð og fjarlægja okkur frá því sem stendur okkur næst. Við viljum naflaskoðun.“

Leitin að ástinni

Hvað varð til þess að þið völduð að fjalla um sjálfíð í hröðu samfélagi? „Fyrsta verkið okkar SUSS, fjallaði um heimilisofbeldi. Eftir að hafa tekið tvö hundruð klukkustundir af viðtölum, unnið upp úr þeim sýningu og sýnt hana í þremur löndum, fannst okkur merkilegast að komast að því að allir okkar viðmælendur voru að leita að ástinni og

”

„Við höfum áhuga á samfélaginu okkar, hinu mannlega, hversdagslega, hinu smáa, mistökum, mörkum eðlilegheita og geðveiki, mörkum ástar og sársauka, af hverju við erum svona þunglynd og óhamingjusöm þrátt fyrir fordæmalaus velsæld.“

þráðu ekkert heitara en hamingju og ást,“ segir Halldóra Rut. „Okkur fannst merkilegt að átta okkur á því og spurðum okkur hvernig í ósköpunum fólk með svona göfugt markmið gat endað í slíku og þvílíku öngstræti. Þannig ákváðum við að við þyrftum næst að skoða fyrirbærið ást, hvað það væri í raun og veru. Þannig kom AHHH, okkar næsta verk til. Eftir að hafa grandskoðað ástina frá öllum hliðum í því verki komumst við að því að það er skammt milli ástar og geðveiki. Þegar ástin verður óheilbrigð og sveiflast í átt að geðveiki, er það yfirleitt vegna þess að sá sem á í hlut er ekki með alveg heilbrigða sjálfsmýnd og er að sækja eitthvað í annað fólk sem það hefur ekki í eigin sjálfsmýnd. Þannig kom það til að okkur langaði næst að rannsaka sjálfíð.“

Hlutverk listarinnar er að spyrja

Þið tengið sjálfíð og hraða samfélagsins og eruð ævinlega höfundar að eigin sýningum. Er verkið á einhvern hátt persónulegt? „Sjálfíð er alltaf persónulegt og í verkinu HÚH! (Best í heimi) töldum við mikilvægt að fara alla leið með sjálfíð og í sjálfhverfunu,“ segir Guðmundur. „Þá varð niðurstaðan sú að sjálfíð í sjálfum leikurunum væri tekið fyrir og þeir engjast um í sjálfhverfu, húmor

og einlægni. Áhorfandinn mætir ekki til að horfa á sjálf leikarana heldur vonumst við til þess að þeir sjái sig sjálfa og kannski hlæi örlítið að sjálfum sér og sínu sjálfí.“

Þið setjið fram stórar tilvistarspurningar í þessu verki. Er þeim svarað? „Við erum akkúrat á þessu augnabliki að reyna að svara því af hverju við erum yfirhöfuð að setja upp þessa sýningu,“ segir Halldóra kímín. „Spyrja okkur af hverju hún skipti máli í hröðu samfélagi okkar þar sem sjálfhverfan er svo mikil að sjávardýr kyrkjast í plasti og jöklarnir bráðna og við kannski út dauð eftir þrjátíu ár. Við vitum kannski ekki sjálf alveg af hverju við erum að gera listaverk upp úr sjálfínu en það er eitthvað sem segir okkur að við verðum að eiga þetta samtál við dýrin. En hlutverk listarinnar er að spyrja spurninga. Vonandi svarar verkið einhverjum spurningum áhorfenda um sig sjálfa.“

Er eitthvað fleira í bígerð hjá RaTaTam? „RaTaTam er alltaf á fullu. Í nóvember verða fjórar sýningar á SUSS!, fyrsta verkinu okkar á Nýja sviði Borgarleikhússins, tvær af fjórum sýningum verða á ensku, því við viljum ná til þeirra sem eru ekki sterkir í íslensku líka. Ókeyppis er á sýningarnar. Þetta nóvemberverkefni er unnið í samstarfi við Borgarleikhúsið, fagaðila, samtök og stofnanir sem þjónusta fólk sem býr við, eða lendir í kynferðis- og/eða heimilisofbeldi. Umræður verða eftir sýningar. Nóvemberátak RaTaTam er hluti af stóru evrópsku verkefni sem heitir Shaking The Walls. Leikhús og leikhópar í Tékklandi, Póllandi, á Írlandi, Íslandi og Englandi skilgreina vandamál í sínu heimalandi sem listin getur opnað á, skapa verk, flytja fyrir þá sem helst þurfa að sjá það, og fara svo með sýninguna til annarra landa. RaTaTam er að fara með SUSS! til Tékklands í byrjun júní og til Póllands í byrjun ágúst.“

Samhliða þessu verður RaTaTam með þætti um heimilisofbeldi í Útvarpsleikhúsinu í október og nóvember. Auk þessa erum við byrjuð að leggja drög að okkar næsta sviðsverki, BlaBla, sem fjallar um samskipti,“ segir Guðmundur.



Leikhópurinn RaTaTam hefur vakið athygli fyrir verk sín. Nú standa yfir sýningar á nýju verki hópsins, HÚH! (Best í heimi), í Borgarleikhúsinu.

BJÓÐUM
12 MÁNAÐA
VAXALAUS LÁN



DROTTNINGA DAGAR



DROTTNING VIKUNNAR

AMELIA

STÆRD 160X200 CM

DROTTNINGARVERÐ

83.538 KR.

FULLT VERÐ 119.340 KR.

- 5 SVÆÐASKIPT HEILSURÚM
- STYRKTIR KANTAR
- FRÁBÆR AÐLÖGUN
- GÓÐ ÞYNGDARDREYFING
- INNIFALIÐ Í VERÐI DÝNA, BOTN OG FÆTUR

30%
AFSLÁTTUR

KOMDU NÚNA OG GERÐU FRÁBÆR KAUP

BJÓÐUM 12 MÁNAÐA VAXTALAUS LÁN

rekkjan
HEILSURÚM

CINZIA ROCCA



HÁGÆÐA ÍTÖLSKU
ULLARKÁPURNA KOMNAR



Fylgið okkur á Facebook



a

Afþreying

KROSSGÁTA

		GLAMPI	AUÐVELD	SPL	SKÍNA	FIMM	MJÖG	AFTUR- ENDI	Í RÖÐ	UMFANG	GÆLU- NAFN
	LITUR										
	DÓ					LÆÐA ÓSKORÐAÐ					
	POT			SAMTALS HLJÓÐFERI					Í RÖÐ ÓVILD		
	HERBERGI						SKIKI FELL				
	GLUNDUR		GLUFA HÆDNIS- BROS					FÓSTRA EIN- SONGUR			
	↓	HÆRRI	TVEIR	TÓNLEIKAR		HERÐA- KLÚTUR FLATFÓTUR				Í DYRA- GÆTT	SVÖLUN
STRÝTU					GÁIR TRÖLLA					HLUTA- FÉLAG UMHVERFIS	
VAFI				VEIÐAR- FÆRI LÖGUN			ÁPEKKUR TALA				
TVEIR EINS		ROF HRJÚF				HUGARRÓ FARVEGUR					
ÆTTGÖFI				ERFÍÐI FALLEGUR				FÆDDAR SVELG FLAKK			
		SMUGA SNJÓ- BREIÐA				FREKUR KRÖKUR				ÖRVERA	
KRAUMA					KRAÐAK SPRIKL		OFANÁLAG LYKT				TUNGUMÁL
FRESTUR				HVOFTUR STÆKKA		SÁL FUGL			TVEIR EINS MJÖG		
Í RÖÐ			FJÁRGRÖÐI MAS				ÁVÖXTUR KVK NAFN				
VESELL					KVÍÐI FRÁ			ÖGN DRYKKUR			
ÚTUNGUN					HEILAN			STEIN- TEGUND			
SLÆMA					ÁLPAST			FUGL			

Létt					Miðlungs					Erfið									
9	1	2		5	8			3		1	7			7	5	2	6		
6			9	3			1	7		9	4	3					1	2	
4								8	1					8		4	3		
1	5		6					9		2	7				7	5		4	1
		6			5			4		5		9		8		2	9		5
				9	8	7		7	1		4			9	5		1	2	
						8					2	1		2		8		5	
5			3	8		6				2	1	9		7	6				
		3	5		2	7	9		6	8		9			8	3	7	2	

Kannaðu þekkingu þína á mannlíf.is

Í fréttum á heimasíðu Mannlífs er að finna svörin við þessum spurningum.



1
Hvað heitir listamaður hátíðarinnar List án landamæra í ár?

2
Sævar Karl opnaði nýverið sýninguna Málverk í Listasal Mosfellsbæjar. Hvar stundaði Sævar Karl myndlistarnám?



4
Spjallþátta-
stjórnandinn
Jimmy Fallon
sýndi nýlega
vandæðalegt
myndband af
Taylor Swift í
þætti sínum The
Tonight Show. Af
hverju var mynd-
bandið vandæðalegt?



3
Hvaða bók hefur Ásmundur Helgason, bókaútgefandi og eigandi Drápu, lesið oftast?

5

Hvurrar þjóðar er hönnuðurinn Giambattista Valli sem á nú í samstarfi við H&M um nýja fatalinu?

Umhverfissiðbót í þágu jarðar



Þjóðkirkjan leggur sérstaka áherslu á umhverfis- og loftslagsmál hvert haust á Tímabili sköpunarverksins. Á sunnudaginn kemur, 13. október, prédika biskupar frá Kanada, Bandaríkjunum og Færeyjum og aðgerðasinni í umhverfismálum frá Ghana í fimm kirkjum í Reykjavík.

Umhverfissiðbót í þágu jarðar er þeim efst í huga. Þau hafa öll tekið þátt í Hringborði norðurslóða og ráðstefnu kirkjunnar og landgræðslufólks í Skálholti í vikunni.

Sunnudagur 13. október



Hallgrímskirkja. Messa kl. 11:00

Prédikun: Mark MacDonald

Biskupinn hefur yfirumsjón með kirkjulegri sálgæslu allra frumbyggja sem eru innan Anglikönsku kirkjunnar í Kanada. Hann er einnig forseti Alkirkjuráðsins í Norður-Ameríku. Sjálfur er hann af frumbyggjaættum bæði í móður- og föðurætt.

Frú Agnes M. Sigurðardóttir þjónar fyrir altari ásamt prestum Hallgrímskirkju. Schola Cantorum syngur.



Neskirkja. Messa kl. 11:00

Prédikun: Peter-Fischer Möller

Hróarskeldubiskup er stundum nefndur Græni biskupinn í Danmörku. Hann er mjög virkur í umræðu um umhverfis- og loftslagsmál á Norðurlöndum.

Prestar Neskirkju þjóna fyrir altari.



Grafarvogskirkja. Messa kl. 11:00

Prédikun: Jim Antal

Eldhuginn Jim Antal hefur ritað vinsælar vakningarbækur í umhverfismálum og haft mikil áhrif á stefnu United Church of Christ sem telur milljón áhangendur og fimm þúsund söfnuði í Bandaríkjunum Norður-Ameríku.

Prestar Grafarvogskirkju þjóna fyrir altari.



Háteigskirkja. Messa kl. 11:00

Samtalsprédikun: Beatrice Dossah og Halldór Reynisson

Beatrice Dossah er aðgerðasinni í umhverfismálum frá Ghana. Hún stundar nám á Íslandi í uppgræðslu lands en í heimalandi sínu hefur hún unnið fyrir umhverfisstofnun Ghana og nýtt söng og kveðskap í helgun lands og trjálunda.

Morgunkaffi um Grænu kirkjuna í Danmörku

Peter-Fischer Möller, Hróarskeldubiskup, heldur fyrirlestur í Hallgrímskirkju kl. 09:30 á sunnudaginn kemur, 13. október. Fyrirlesturinn ber yfirskriftina: „Græna kirkjan í Danmörku“. Kaffi og kleinur á staðnum.

Peter-Fischer Möller hefur gegnt embætti biskups í Hróarskeldu síðan 2008. Hann situr í framkvæmdastjórn kirkjuráðs í Danmörku og er formaður í starfshópi um Græna kirkju www.gronkirke.dk. Hann hefur verið áberandi í Danmörku og annars staðar á Norðurlöndum í umræðum um náttúruvernd, lífræðilega fjölbreytni, loftslagsbreytingar og sjálbærni. Peter-Fischer er hér á Íslandi í boði Stofnunar Sigurbjörns Einarssonar.

Tíminn flýgur áfram og hann teymir mig á eftir sér

Texti / Guðrún Óla Jónsdóttir

Lífið virðist stundum snúast allt um tíma. Annaðhvort flýgur hann áfram á ógnarhraða og dugar ekki nándar nærri til að gera allt það sem mann langar eða finnst maður þurfa að gera. Eða hann silast áfram og hver mínúta virðist eins og heil eilífð. Það er þó ekki armbandsúrið eða klukkan á snjallsímanum sem ákvarðar hversu hratt eða hægt tíminn líður heldur er það heilinn. Hér eru nokkur ráð til að fá tímann til að líða hraðar eða hægar, eftir því hvað hentar þér.

Tikk takk

Þegar við erum yfir okkur hamingjusöm eða niðursokkin í eitthvert verkefni hættum við að taka eftir þessum venjulegu merkjum sem sýna okkur að tíminn líði. Einfaldasta leiðin til að hægja aðeins á tímanum og láta gæðastundir endast lengur er að verða meðvitaðri um litlu hlutina; eins og til dæmis bragðið af matnum sem við erum að borða eða tónlistina sem hljómar. Því fleiri atriði sem skilningarvitin taka eftir, því betra. Að njóta stundarinnar hér og nú hægir á tímanum.

Bið, endalaus bið

Ertu að biða eftir einhverju? Silast tíminn áfram eins og hver mínúta sé heil eilífð? Reyndu að líta á biðtímann sem tækifæri að slaka á og velta vöngum. Að sitja fastur í umferðinni er til dæmis kjörið tækifæri til að gleyma sér aðeins í hugsunum sínum (en passa að vera samt meðvitaður um að keyra af stað þegar umferðin hreyfist). Dagdraumar eru aldrei tímasóun, heldur heilsuþót fyrir heilann.

Endurheimtu'ann

Einu sinni fannst manni biðin eftir jólnum endalaus en eftir því sem aldurinn færir yfir virðast jólin nýbúin þegar þau koma á ný. Eftir því sem við eldumst kemst meiri rútna á lífið og við gerum hlutina eiginlega sjálfkrafa og jafnvel



hálfhugsunarlaust. Þannig virðist sem tíminn fljúgi áfram. Til að hægja aðeins á er hægt að breyta rútnunni. Það krefst þess af heilanum að hann haldi athyglinni, búi til nýjar minningar og það teygir úr tímanum. Breytingin getur til dæmis falist í því að keyra aðra leið í vinnuna en þú ert vön/vanur að gera og reyna að taka eftir því sem er öðruvísi við hana en þá hefðbundnu. Það er líka hægt að taka tíu mínútna göngutúr áður en farið er heim eftir vinnu. Eða prófa eitthvað nýtt; til dæmis að kaupa í annarri verslun en venjulega eða fara á

aðra líkamsræktarstöð. Með smávegis breytingu er hægt að brjóta upp það sem við höfum vanist.

Anda inn og anda út

Hægðu á þér. Fólk sem einbeitt sér að því að vera með hugann við líðandi stund frekar en að hafa áhyggjur af fortíðinni eða framtíðinni er sagt vera hamingjusamara og hugska skýrar. En mörgum reynist þetta erfitt. Það getur hjálpað að einbeita sér að önduninni í nokkrar mínútur; einbeittu þér að því að hlusta á andardráttinn og ýttu burt áhyggjum og óþarfa hugsunum.

MITSUBISHI OUTLANDER PLUG-IN HYBRID

Nýir 2020 árgerð Verð kr. 4.580.000 skráður

Nú með leiðsögukerfi, rafstilltu bílstjóraseti og Webasto miðstöð og með appi í símann



- 2,4 lítra bensínvél 135 hestöfl + rafmagn
- Fjór hjóladrifnir
- Lyklalaust aðgengi og start
- Bakkmyndavél
- Snertiskjár
- Símkarfi
- Sæti 50/50 leður
- Hraðastillir
- Metallic lakk
- Pokuljós
- Start/stop Automatic
- Dekkjaprýsti kerfi
- Leðurstýri
- 18" álfelgur
- Apple CarPlay
- Blátannabúnaður
- Aðgerðarstýri
- Hiti í framsætum
- USB innstungur
- Loftkæling 2 rása
- Regn- og ljósaskynjari
- Rafm. hitaðir speglar og aðfellanlegir
- Borðtölva
- Dráttarkúla aftengjanleg (kostar kr. 130.000 auka)
- 5 ára ábyrgð
- 8 ára ábyrgð á rafgeymum og hleðslu



Mercedes Benz 2858 Dráttarbill Árgerð 2015

Verð kr 9.950.000 + Vsk skráður

- 220.000 Km
- Sjálfskiptur Powershift 3
- Loftpúðafjöðrun aftan
- Retarder
- Big Space Kojuhús
- Olíumiðstöð
- 120 tonna dráttar geta
- Euro 6
- 578 hestöfl
- ASR
- Ískápur
- Tveggja drifa á nafdrifum
- Vel búinn bill

Nú er gott að huga að því að panta Hobby hjólhýsi og húsbíla 2020 árgerð





Lukt og blómavasi

fylgir öllum legsteinum
sem keyptir eru í október

GRANÍT STEINAR

Helluhrauni 2, Hafnarfirði
544 5100 – granitsteinar.is





Klassísk hamborgarakryddblanda

Umsjón / Ritstjórn

Heimalagaðir borgarar

Gott hakk er undirstaðan í góðan klassískan borgara, með gott hráefni í höndunum þarf ekki mikið meira en salt og pipar og málið er dautt. Það er hins vegar líka gaman að nota annað en nautakjöt, t.d. lambakjöt eða grænmeti og prófa að bragðbæta hamborgara með ýmsu góðgæti, t.d. kryddi, grænmeti eða ostum. Hér eru tvær hugmyndir að skemmtilegum borgurum, ásamt spennandi sósum sem smellpassa með.

Umsjón / Kristín Dröfn Einarsdóttir Myndir / Hákon Davíð Björnsson Stílisti / Ólöf Jakobína Ernudóttir



Grískur lambaborgari með fetaostfyllingu.

Grískur lambaborgari með fetaostfyllingu

4 stk.

- 400 g lambahakk
- 8 stk. grænar ólífur, smátt saxaðar
- rifinn börkur af 1 sítrónu
- hnefaylli fersk mintulauf, smátt söxuð
- 1 tsk. þurrkað óreganó eða 2 msk. ferskt
- 1 hvítlauksgeiri, marinn
- gróft sjávarsalt
- nýmalaður svartur pipar
- 50-100 g hreinn fetaostur, mulinn



Blandið öllu, nema fetaosti, saman og skiptið í 8 hluta. Mótið litla hamborgara, setjið 1-2 msk. af fetaosti á milli tveggja borgara og mótið einn stóran úr þessum tveimur þannig að fetaosturinn sé inni á milli. Steikið á heitri pönnu eða grilli og berið fram með hamborgarabrauði, jógúrtsósu og fersku grænmeti að vild.

Jógúrtsósa:

- ½ agúrka, fræhreinsuð og skorin smátt
- 3 dl grísk jógúrt
- ½ hvítlauksgeiri, pressaður
- hnefaylli fersk steinselja, smátt söxuð
- 1 msk. jómfrúarolía
- 2-3 tsk. sítrónusafi
- gróft sjávarsalt
- nýmalaður svartur pipar

Blandið öllu saman og bragðbætið með salti og pipar.

Hér eru tvær hugmyndir að skemmtilegum borgurum, ásamt spennandi sósum sem smellpassa með.

eða

Grænmetisborgari með fetaostkremi.

Grænmetisborgari með fetaostkremi

6 stk.

Þessir borgarar eru tilvaldir í frystinn og eru einnig góðir sem buff með fersku salati, hrísgrjónum og góðri sósu.

- 2 ½ dl haframjöl
- 1 stór sæt kartafli, soðin eða bökuð í ofni
- 1 dós kjúklingabaunir
- 1 lítill rauðlaukur, saxaður
- 2 stíllkar sellerí, smátt skornir
- olífa til steikingar
- 2 hvítlauksgeirar, pressaðir
- 1 tsk. hvítlauksduft
- ½ tsk. cayenne-pipar
- gróft sjávarsalt
- nýmalaður svartur pipar
- 1 egg

Setjið haframjöl í matvinnsluvél og malið það þannig að það líkist grófu heilhveiti, setjið í skál. Skaðið innan úr kartöflunni og maukið vel í matvinnsluvélinni, bætið maukinu saman við haframjöl. Skolið kjúklingabaunir vel, setjið í vélina og hakkið þær, ekki of mikið, við viljum hafa þær nokkuð gróft hakkðar. Blandið saman við haframjöl og kartöfluna. Hitið olíu á

pönnu og steikið lauk og sellerí þar til það er mjúkt. Bætið hvítlauk saman við og steikið í nokkrar mínútur. Bætið grænmetinu saman við baunablönduna ásamt kryddinu og bragðbætið með salti og pipar áður en eggjinn er bætt út í (ef blandan er of blaut má bæta haframjöl saman við). Látið standa í kæli í a.m.k. 30 mín. Mótið hamborgara og steikið á heitri pönnu eða grilli þar til þeir hafa tekið fallegan lit og eru heitir í gegn. Það er líka tilvalið að klára að elda borgarana í 180°C heitum ofni í 10 mín. Berið fram með hamborgarabrauði, fetaostkremi, grillaðri lauksneið og fersku grænmeti að vild.

Fetaostmauk:

- 200 g hreinn fetaostur
- 50 g rjómaostur
- hnefaylli ferskar kryddjurtir, t.d. kóríander og mint
- 1 hvítlauksgeiri, pressaður
- rifinn börkur af 1 sítrónu
- 3 msk. grísk jógúrt

Setjið allt saman í matvinnsluvél og maukið vel saman.



Þessa kryddblöndu er þægilegt að eiga tiltæka í kryddhillunni. Hún er líka mjög góð á kjúkling og annað kjöt. Til þess að gera einfaldan kryddlög er tilvalið að blanda 1 msk. af kryddblöndunni saman við 1-2 msk. af worchestershire-sósu og 2-3 msk. af olíu.

- 2 msk. gróft sjávarsalt
- 1 msk. þurrkað steinselja
- 1 msk. paprikuduft
- 1 msk. hvítlauksduft
- 1 msk. laukduft
- 1 tsk. kummin
- 1 tsk. þurrkað óreganó
- 1 tsk. sinnepsduft
- 1 tsk. nýmalaður svartur pipar
- 1/2 tsk. chili-duft



Blandið öllu saman og geymið í lokuðu ílát.



Hvernig á að bjarga heimagerðu majónesi?

Majónes er gott að bera fram með borgara og frönskum. Grunnhráefni í majónesi er eggjarauður, olífa, sítróna og sinnep. Nauðsynlegt er að allt þetta hráefni sé við stofuhita enda eru þá litlar líkur á því að blandan skilji sig en majónesgerð krefst nákvæmni og því gerist það stundum. Ef blandan skilur sig er hægt að þeyta saman við 1 msk. af köldu vatni þar til blandan verður eðlileg aftur. Dugi þetta ekki er hægt að láta eina eggjarauðu í hreina skál og þeyta vel. Bætið svo blöndunni sem hefur skilið sig saman við en bara dropa og dropa í einu í fyrstu og síðan restinni, þá ætti blandan að jafna sig.

OTA SOL GRYN®



Dagurinn byrjar alltaf vel með OTA hafragrjónum



g

Gestgjafinn

SÚKKULAÐI



7 Skemmtilegar staðreyndir um súkkulaði

1 Kakóbaunin er upprunnin í Mið- og Suður-Ameríku, talið er að fólk þar hafi byrjað að rækta kakóbaunir um 1.250 f.Kr. og jafnvel fyrr. Kakó var hluti af menningu Maya og Azteka þar sem kakódrykkir voru hluti af trúarlegum athöfnum. Aztekar mátu baunina svo mikils að hún var notuð sem gjaldmiðill í viðskiptum.

2 Kakóplöntunni er oft skipt niður í tvær gerðir, aðra sem gefur af sér hágæðakakóbaunir og hina sem gefur af sér venjulegar kakóbaunir sem notaðar eru í almenna iðnaðarframleiðslu.

Á plöntunni vex ávöxtur en það er innan í honum sem baunirnar eru, hver ávöxtur inniheldur u.þ.b. 30-40 kakóbaunir. En baunirnar þurfa að fara í gegnum ýmis vinnslustig áður en hægt er að búa til úr þeim súkkulaði, þessi stig geta skipt sköpum um hvort úr verði gæðasúkkulaði eða ekki.

3 Súkkulaði hefur verið talið kynorkuaukandi og nýtti Casanova, flagarinn frægi, sér krafta þess. Hann á að hafa drukkið heilan bolla af heitu súkkulaði áður en hann hóf ástarleiki með rekkjunautum sínum.

4 Á tímum seinni heimsstyrjaldarinnar voru nasistar Þýskalands með þá fyrirlitun að taka Winston Churchill, forsætisráðherra Bretlands, af lífi með súkkulaðistykki.

Sprengjusérfræðingar Hitlers höfðu hulið sprengjur með dökkum súkkulaðihjúp og pakkað inn í gylltar og svartar pakkningar. Þeir ætluðu sér síðan að nota njósnara innan Bretlands til að koma súkkulaðinu fyrir í borðstofu stríðsráðsins. Leynibjónusta Breta komst þó að þessu launráði og náði að koma í veg fyrir framkvæmd þess.

5 Hvergi í heiminum er selt eins mikið af súkkulaði og á flugvöllinum í Brussel, búðirnar þar selja meira en 800 tonn af súkkulaði á ári hverju.

6 Spánverjar voru fyrstir til að flytja kakóbaunirnar með sér til Evrópu og þeir unnu súkkulaði úr kakóbaununum og sykri. Þeir vernduðu uppskriftina sína vel og í um 100 ár voru þeir einráðir á markaði í Evrópu. Seinna láku spænskir munkar uppskriftinni og brátt fóru fleiri að framleiða súkkulaði.

7 Rannsóknir sýna að dökkt súkkulaði getur haft jákvæð áhrif á heilsu fólks. Einnig er talið að dökkt súkkulaði veiti fólki betra minni og skarpari athygli með því að auka blóðflæði til heilans. Vísindamenn hafa teft fram þeirri kenningu að dökkt súkkulaði geti hjálpað fólki að sjá betur í slæmu skyggni.

„Sprengjusérfræðingar Hitlers höfðu hulið sprengjur með dökkum súkkulaðihjúp og pakkað inn í gylltar og svartar pakkningar.“



Algjört sælgæti

Dásamlega góð kaka sem er tilvalin um helgina.

Texti / Sigríður Björk Bragadóttir Mynd / Karl Petersen Stílisti / Ólöf Jakóbína Ernudóttir



Óhætt er að segja að súkkulaði gleðji og kæti. Hér er uppskrift að köku sem er tilvalið að bjóða upp á um helgina og þar sem súkkulaði kemur einmitt við sögu.

Konfektdraumur fyrir 10

4 eggjahvítur
200 g flórsykur
2 msk. kakó

Hitið ofninn í 150°C. Þeytið eggjahvítur í hreinni skál þar til þær fara að freyða. Bætið flórsykri út í smátt og smátt og þeytið hann saman við þar til hvíturarnar eru orðnar stífar eða í u.þ.b. 3-5 mín. Sigtuð kakó út í og blandið saman við með sleikju. Setjið bökunar-pappír í botninn á þremur 22 cm smelluformum eða teiknið 22 cm hringi á þrjár arkir af bökunar-pappír. Smyrjið formið aðeins að innan með olíu. Skiptið deiginu í formin eða á pappírinn. Bakið botnana í miðjum ofni í 40 mín. Losið botnana varlega úr fornumum.

Kaffikrem:

1 msk. skyndikaffiduft
2 msk. sjóðandi vatn
100 g smjör, mjúkt
150 g flórsykur

Leysið skyndikaffi upp í heitu vatni og kælið aðeins. Hrærið smjör, kaffi og flórsykur vel saman.

Súkkulaðikrem:

200 súkkulaði, saxað
1 ½ dl rjóma

Setjið súkkulaði í skál. Hitið rjóma og hellið yfir súkkulaðið. Látið standa í nokkrar mínútur og hrærið síðan vel saman. Geymið.

Kremið er frekar þunnt og svoltið girnilegt þannig. Ef þið viljið hafa kremið þykkara er gott stinga því í kæli það verður þykkara á u.þ.b. 20-30 mín.

Leggið einn kökubotn á fallegan disk og dreifið úr helmingnum af kaffikreminu á hann. Hellið 1/3 af súkkulaðikreminu yfir og leggið annan botn ofan á. Farið eins að við hina botnana og hellið að síðustu súkkulaðikremi yfir kökuna. Berið kökuna fram með léttþeyttum rjóma.



reima[®]
growing up outdoors



REIMA - FYRIR KOMANDI KYNSLÓÐIR!



kr. 18.990.-
Str.74-98



kr. 24.990.-
Str.98-140



kr. 20.990.-
Str.104-140



kr. 19.990.-
Str.80-98



kr. 13.990.-
Str.74-98

Endurskinslúffur
kr. 4.990.-



Lambhúshettur
kr. 5.990.-



Sokkaskór
kr. 5.990.-



kr. 14.990.-
Str.26-35



Barnalúffur
kr. 3.990.-



Barnahúfur
kr. 4.490.-/4.990.-



kr. 29.990.-
Str.128-152



kr. 26.990.-
Str.128-164

SPORTÍs

Frábærar og frægar ostabúðir í París

Þótt París sé oftast kölluð borg elskenda sjá sumir hana meira fyrir sér sem borg sælkerar enda gómsætar kræsingar nánast á hverju götuhorni. Hér eru til að mynda nokkrar fyrirtaks ostabúðir sem tilvalið er að kíkja í ef til stendur að lyfta sér upp í skammdeginu og gera sér ferð til Parísar.



”

„Mér finnst fátt skemmtilegra en að kaupa góðgæti í slíkum búðum, það er rómantískt, vörurnar eru vandaðar og spennandi og yndislegt að geta fengið persónulega fagþjónustu og ráðleggingar.“

Charles de Gaulle hershöfðingi sagði einu sinni: „Comment voulez-vous gouverner un pays où il existe 258 variétés de fromage?“ sem þýðir, hvernig er hægt að stjórna landi sem er með 258 tegundir af ostum? Eflaust hefði De Gaulle fallist hendur hefði hann vitað að tegundirnar yrðu u.þ.b. 1.200 árið 2019, þegar allt er talið. Af þessum gríðarlega fjölda eru þó einungis 45 tegundir með einkaleyfi og 9 eru með svokallað svæðiseinkaleyfi, en þá geta bara framleiðendur frá því landsvæði gert tilkall til að nota nafnið á svæðinu.

Þótt sérþúðir með mat eigi víða undir högg að sækja og hafi látið í minni pokann fyrir stórmörkuðum eru Frakkar enn með margar slíkar búðir og ef eitthvað er þá eru þær að verða vinsælar aftur. Mér finnst fátt skemmtilegra en að kaupa góðgæti í slíkum búðum, það er rómantískt, vörurnar eru vandaðar og spennandi og yndislegt að geta fengið persónulega fagþjónustu og ráðleggingar. Hér bendi ég á nokkrar af bestu ostabúðum Parísarborgar, þær eru vissulega á víð og dreif en það er alveg þess virði að leggja á sig lítinn krók með fallega körfu eða taupoka og næla sér tvo, þrjá eða fjóra yndislega osta. Þeir sem hafa lítinn tíma en vilja samt kaupa góða osta og aðrar sælkeravörur geta skroppið í Galeries Lafayette Gourmet-búðina og einnig mæli ég með La Grande Épicerie de Paris en úrvalið af sælkeravörum og ostum í báðum þessum verslunum er sérlega gott en kaupið ostana samt sem áður frekar í ostabörðinu, og já, ostur á frönsku er fromage!



Androuët

Hér er merkileg ostabúð sem hefur verið starfrækt allt frá árinu 1909 og er þekkt fyrir vel þroskaða osta hvaðanæva að í Frakklandi. Upprunalega búðin var í 9. hverfi en í dag eru þær víða, sjá vefsíðu. Sú sem er á hinni frægu markaðsgötu Mouffetard í 5. hverfi er sérlega skemmtileg en þær eru allar góðar. Það var Henri Androuët sem hóf reksturinn en markmið hans var að bjóða Parísarbúum upp á osta frá öllum héruðum Frakklands. Prófið Brie Noir-kúastinn frá Nanteuil, hér eru líka góðir Tomme de Savoie-ostar, svo fátt eitt sé nefnt.

Vefsíða: androuet.com.



Chez Virginie

Í þessu húsnæði hefur verið rekin ostabúð frá árinu 1900 en þessi yndislega búð var sett á lagginnar árið 1946 og er talin með þeim allra bestu í borginni og vel ferðarinnar virði en hún er í 18. hverfi, ekki langt frá Montmartre-hæðinni.

Eigandi búðarinnar, hún Virginie, er einkar hjálpleg og sérlega fróð um ostana sína en hún tók við rekstrinum af föður sínum. Hér gildir að láta afgreiðslufólkið hjálpa til því úrvalið er mikið og auðvelt að fá valkvíða.

Vefsíða: chezvirginie.com.



Alléosse

Hér er einstaklega góð fjölskyldurekin búð þar sem hugað er að hverju smáatriði til að ostarnir séu sem allra bestir. Í nágrenni búðarinnar eru fjórir kjallarar með réttu hita- og rakastigi fyrir hverja tegund svo það þarf kannski ekki að koma á óvart að ostarnir sem Hollande bauð Obama upp á í heimsókn hans hafi verið keyptir í Alléosse-ostabúðinni. Þessi ostabúð er svölítið öðruvísi en margar aðrar í París þar sem hún er sérlega stílhrein og öllu raðað snyrtilega og vel.

Vefsíða: fromage-allesosse.com.



Jouannault

Skemmtileg og góð ostabúð í líflegu hverfi Mýrinnar. Þjónustan er yfirleitt góð og oft hægt að fá að smakka á ostunum sem er reyndar hægt í flestum ostabúðum í borginni. Oft er boðið upp á nokkra árstíðabundna osta sem eru tilgreindir á svartri töflu, alla vega síðast þegar ég fór. Hér eru nokkuð margir góðir, t.d. Saint-Marcellin, og geitaostaúrvalið er einnig gott.

Vefsíða: fromagerie-jouannault.fr.

Nokkrir af þekktustu ostum Frakklands

Camembert de Normandie, Brie de Meaux, Comté, Reblochon, Gruyère, Emmental, Roquefort, Tomme de Savoie, Saint-nectaire, Cantal, Raclette, Beaufort, Bleu d'Auvergne, Maroilles, Morbier.



Í BOÐI FRÁ 20. NÓVEMBER

JÓLIN Á TAPASBARNUM

9 RÉTTA JÓLAMATSEÐILL

Hefst með Faustino freyðivíni í fordrykk

7 gómsætir jólatapas fylgja síðan í kjölfarið

- Rauðrófu- og piparótargrafinn lax
- Lambatartar með sýrðum rauðlauk, reyktum rjómaosti og dillolíu
- Risahörpuskel með sellerírótarmauki, grilluðu serrano og passionfroðu
- Andabringa með jarðskokkum, svartrót og Malt- og appelsínsósu
- Björgljáð lynghæna með rauðkálsgeli og bjórsósu
- Hvítlauksbakaðir humarhalar með mangósalsa
- Nautalund með sveppa duxelle og bernaisefroðu

Og í lokin tveir ljúfir eftirréttir

- Súkkulaðiterta með berja-compoté
- Crema Catalana með Dulce de leche

8.990 kr.

Aðeins framreitt fyrir allt borðið

Borðapantanir á tapas.is og fyrir hópa á tapas@tapas.is



JÓLAVEISLUÞJÓNUSTA

Ljúffeng jólaveisla með snittum, spjótum og tapas í boxi ásamt sætum eftirrétti. – Frábær í jólapartíð.

Tapas í boxi

- Djúpssteiktur humar í orly með alioli
- Lambatartar með sýrðum rauðlauk, reyktum rjómaosti og dillolíu
- Hörpuskel með sellerírótarmauki og grilluðu serrano

Tapas á snittu

- Nauta Carpaccio með pestó, parmesan og klettsalat
- Rauðrófugrafinn lax með piparrótarsósu
- Andabringa gljáð með malt og appelsíni
- Serrano hráskinka með eplum og granateplum

Tapas á spjóti

- Grillaðar lambalundir
- Spænsk marineraður grísahnakki
- Grillaðar nautalundir

Eftirréttur

- Súkkulaðiterta með berjacompoté

4.490 kr. á mann

Lágmarksfjöldi er 8 manns

Pantaðu jólaveislu á tapas@tapas.is eða hringdu í síma 551 2344





Hús & húbýli
HÖNNUN

Sex sjaldséð ljós

Falleg hönnun sem lýsir upp í skammdeginu.



Heracleum II Suspension-ljósíð frá Moooi er skrautlegt og nefnt eftir samnefndri plöntu. Það má snúa „laufunum“ eftir eigin höfði og skapa þannig sína stemningu. H 65 x Ø 98 cm.

Umsjón / Ritstjórn H&H



Klárlega öðruvísi form á Anisha-borðlampanum frá Foscarini. Til í tveimur stærðum, 32x23 cm eða 46x33 cm.




Það fer ekkert á milli mála að Verner Pantón hefur verið undir áhrifum frá himingeimnum og stjörnum er hann hannaði UFO-ljósíð árið 1975.



„V“ fyrir „VÁ“!

Þessi veggplampi er stílhreinn og töff, hannaður af Resident Studios.



Tuttugu ljós í einum ramma, geri aðrir betur, 125 x 100 cm. Ramminn getur hangið uppi eða hallað upp að vegg og er frá Areti.



Mini Crescent Chandelier er ótrúlega skemmtileg pæling á ljósaönnun frá Lee Broom.



Havana tungusófi
verð 570.000 kr.

ÞÚ FÆRÐ DRAUMASÓFANN HJÁ OKKUR

900 útfærslur, engin stærðartakmörk og 3.000 tegundir af áklæðum



Roma hornsófi verð 265.900 kr.



Tórinó hornsófi verð 333.900 kr.



Lyon sófasett verð 330.000 kr.

Sófar • Rúm • Stólar • Púðar • Skenkar • Borð • Hægindastólar



Svefnsófi verð 285.900 kr.



Madison tungusófi verð 498.900 kr.



Basel hornsófi verð 343.900 kr.

HÚSGÖGN FYRIR REKSTUR OG HEIMILI
Stólar • Borð • Borðfætur • Barstólar • Bekkir



Kíktu í heimsókn!

Opið virka daga kl. 10-18 Laugardaga 11-15

Bíldshöfða 18 - 110 Reykjavík - sími: 557 9510 - www.patti.is

Patti
HÚSGÖGN

Fimm leiðir til að gera heimilið litríkara og notalegra

Texti / Stefanía Albertsdóttir Myndir / Úr safni

Fáðu þér púða í fallegum litum og úr vönduðu efni. Púðar þurfa ekki að vera dýrir en geta svo sannarlega gefið rýminu ferskan blæ og auðvelt er að skipta þeim út þegar hentar. Hér skiptir mynstur og áferð efnis miklu máli.



Ekki er alltaf nauðsynlegt að grípa í málningarpensilinn þegar gera á heimilið litríkara - og hlýlegra. Hér eru nokkur einföld atriði sem geta skipt sköpum og glætt hvaða rými sem er nýju lífi án þess að það kosti of mikla fyrirhöfn.



Mynd: Aran Goyoaga

▶ Borðbúnaður í litum, diskar, skálar og glös. Matur er yfirleitt mun girnilegri á lituðum diskum heldur en á hvítum og þú nýtur matarins betur. Ekki festast í þeirri hugmynd að allir diskar þurfi að vera eins á litinn þegar lagt er á borð því oft er skemmtilegt að blanda saman mismunandi litum sem tóna saman. Mikilvægara er að hafa stærð diskanna og formin svipuð.

Plöntur og blóm hleypa lífi í hvaða rými sem er og skiptir ekki öllu máli hvort um sé að ræða pottaplöntur eða afskorin blóm. Gott er að hafa í huga þegar pottaplöntur eru valdar hvaða rými þeim er ætlað en birtu-, hita- og rakastig þarf að henta hverri tegund.



Að nota textíl til þess að lífga upp á heimilið er elsta bragðið í bókinni. Fáðu þér ullarteppi í uppáhaldslitnum þínum. Það skapar ekki aðeins notalegt andrúmsloft heldur gefur líka rýminu aukna dýpt og betri efniskenn.



Kaupu þér hluti í litum eins og lampa eða blómavasa. Algengustu mistökin sem fólk gerir er að kaupa of smáa hluti. Í stærrum rýmum getur til dæmis stæðilegur gólfvasi í fallegum lit komið mun betur út en vasi á borði.



„Ekki festast í þeirri hugmynd að allir diskar þurfi að vera eins á litinn þegar lagt er á borð því oft er skemmtilegt að blanda saman mismunandi litum sem tóna saman.“





Wizar

...fyrir lífsins ljúfu stundir



Hægindastóllinn sem slegið hefur í gegn.

360° snúningur | innbyggður fótaskemill
hallanlegt bak | stillanlegur höfuðpúði

Fáanlegir **Wizar** litir

Verð frá
199.900 kr.

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ



Fötin sem *vaxa* með þeim

Ryan Yasin er hönnuður og hugsjónamaður.

Hann fæddist á Íslandi og er íslenskur ríkisborgari en býr nú í London. Ryan hefur verið að hanna sjálfbær barnaföt sem bókstaflega vaxa með börnunum.

Umsjón / Steingerður Steinarsdóttir



Ryan hannar undir merkinu Petit Pli en hann og teymið hans einbeita sér að því að finna efni sem unnin eru á umhverfisvænan hátt, eru mjúk og eftirgefanleg þannig að þau lagi sig að barninu á öllum aldri þess og þroskastigum. Börn vaxa um sjö fatastærðir á fyrstu tveimur árunum og fara frá því að velta sér yfir í að skríða og klifra og loks að ganga og hlaupa. Fötin þurfa að laga sig að þörfum þeirra meðan á þessu ferli stendur. Flestir foreldrar eiga því fullar skúffur af nánast ónotuðum barnafötum þegar krakkar þeirra fara í skóla. Ryan notar einfaldar en einstaklega skemmtilega úthugsaðar

ar fellingar til að tryggja að fötin stækki með börnunum. Hann hefur einkaleyfi á þessari uppfinningu sem hann fékk innblástur að þegar hann kynnti sér geimferðaverkfræði.

Petit Pli-fötin fylgja barninu frá níu mánaða upp að fjögurra ára aldri, þau eru sterk, endingargóð, auðveld í þvotti og hamla aldrei hreyfingum. Fyrr á árinu vann Ryan Global Change Award 2019 frá H&M, sem gerir honum kleift að halda áfram rannsóknum sínum og teygja línuna lengra. Það verður spennandi að fylgjast með frekari nýngum frá þessu frumlega fyrirtæki og ekki skemmir að hann, þessi snjalli hönnuður, hafi tengsl við Ísland.



Fyrr á árinu vann Ryan Global Change Award 2019 frá H&M, sem gerir honum kleift að halda áfram rannsóknum sínum og teygja línuna lengra.



Stúdíó Birtingur

Í SAMSTARFI VIÐ
SPORTÍS

Vönduð föt fyrir börnin

Sportís er fjölskyldufyrirtæki sem var stofnað árið 1983 af hjónunum Skúla J. Björnssyni og Önnu S. Garðarsdóttur. Fyrirtækið einblínir á að bjóða vandaða vöru fyrir æfingar og útivist og selur fjölda þekktra og vandaðra vörumerkja, þar á meðal barnaföt frá finnska merkinu Reima.

Fókusinn frá byrjun var að bjóða vandaða vöru og fjölbreytt vöruúrval sem stuðlar að og ýtir undir heilbrigði. Það er Sportís ofarlega í huga að bjóða vöru sem endist,“ segir Sigrún Kristín Skúladóttir, vörumerkjastjóri Reima á Íslandi. „Eitt af vinsælu vörumerkjunum okkar er barnafatamerkið Reima sem var stofnað í Finnlandi árið 1944. Reima var upphaflega vinnufatamerki, því leggja þau gríðarlega mikla áherslu og metnað í að framleiða fatnað með endingu, öndun, vatnsheldni og svo framvegis. Yfirleitt er kuldapól vetrarflíkanna niður í mínus 20° og vatnsheldni allt að 12.000 mm.“

Sportís býður upp á systkinaafslátt

Reima er fatnaður fyrir komandi kynslóðir og því skiptir það Sportís miklu máli að fötin geti gengið á milli systkina og barna. „Við létum undir með



barnmörgum fjölskyldum þannig að við veitum alltaf 10 prósentu systkinaafslátt ef keyptar eru tvær eða fleiri flíkur, eins og kuldagallar, úlpur, snjóbuxur, kuldaskór og þess háttar,“ segir Sigrún. „Einnig er hægt að nýta afsláttinn með kóðanum „systkini“ í vefverslun www.sportis.is og verslunin sendir allar vörur frítt til viðskiptavina sinna.“

Ánægðir foreldrar eru besta auglýsingin

„Besta auglýsingin er auðvitað ánægðir foreldrar og leikskólakennarar sem við heyrum mjög oft frá að séu ánægðir með Reima. Ég er í stórum hópi á Facebook, MæðraTips, þar sem mæður skiptast á góðum ráðum og þar sést skýrt að margar þeirra mæla með Reima og þá aðallega vegna þess að fötin eru endingargóð, þægileg og þjál fyrir börnin að hreyfa sig í. Leikskólakennarar sem við höfum talað við hafa sagt

að það sé auðvelt að klæða börnin í og þau komi þurr og hlý inn eftir útiveruna,“ segir Sigrún.

„Við mælum alltaf með því að klæða börn í nokkur lög, í stað þess að vera með eina hlýja flík. Þegar kuldinn er mikill er afar mikilvægt að hafa börnin í ullarnærfötum innst þar sem þau tempra líkamann vel. Reima er með nokkrar týpur af Merino-ullarnærfötum í skemmtilegum litum og munstrum. Reima-ullarnærfötin eru því ágætis forvörn gegn haustkvefinu.“

Reima-barnafatadeild opnar

Það styttist í opnun glænýrrar Reima-barnafatadeildar á neðri hæð verslunarinnar þar sem boðið verður upp á breitt vöruúrval af kuldagöllum, úlpum, snjóbuxum, kuldaskóm og öllum aukahlutum. „Okkur þykir gaman að fá krakkana í heimsókn að máta Reima og hjálpum til við að finna réttu stærðina,“ segir Sigrún.

Sportís er í Mörkinni 6 þar sem starfsfólk er þjálfað í að veita faglega, framúrskarandi og einstaklingsmiðaða þjónustu. Verslunin er opin alla virka daga klukkan 10-18 og laugardaga klukkan 11-15. Síminn er 520-1000 og heimasíðan er sportis.is.

MARGT & MIKIÐ

HOLTASMÁRA 1, 201 KÓPAVOGI • MARGTOGMIKID.IS

SPILUM SAMAN OG NJÓTUM SAMVERUNNAR



PANIC TOWER

2-8 | ±20 | 6+

kr. 4.790

ÍSLENSKAR
LEIKREGLUR
FYLGJA

PANIC TOWER ER SKEMMTILEGT SPIL FYRIR ALLA ALDURSHÓPA

Markmið spilsins er einfalt: dragðu spil og leggðu kubb á leikborðið. Passaðu að hendurnar skjálfi ekki því þá getur turninn hrunið til grunna. Býrð þú yfir nægum stöðugleika til að færa kubba á milli stæða án þess að turninn hrynji? Getur þú lagt kubb ofaná annan kubb með næmnina að vopni? Passaðu þig að fella ekki kubba því þá færðu refsispjald. Sá leikmaður sem stendur síðastur eftir er sigurvegarinn.

PANTAÐU Á
margtogmikid.is
OG FÁÐU SENT

OPIÐ
ALLA DAGA
VIRKA DAGA
11-18
HELGAR
11-17



Unnur Magna ljósmyndari rólta nýverið um miðbæ Reykjavíkur og tók gangandi vegfarendur tali og myndaði þá fyrir götutískupátt.

Götutískan í Reykjavík



Berglind Pétursdóttir (30)

Vinnur á RÚV við dagskrágerð. Svartklædd frá toppi til tár, því við náðum henni í atvinnuviðtalsklæðnaði, ögn sparilegri en aðra daga að eigin sögn, því hún vildi koma vel fyrir.
Kápa: MONKI
Allur annar fatnaður: COS
Skór: Dr. Martens, veganskór.
Taska: Blanche, keypt í Danmörku.
Sólgleraugu: QUAY, keypt erlendis, hugsanlega í Topshop.
Kaupir þú mikið af notuðum flíkum? Já, ég á það til að versla í vintage-búðum en eigulegar klassískari flíkur kaupi ég yfirleitt ekki notaðar.
Hvað finnst þér nauðsynlegt að eiga í fataskápnunum? Nóg af yfirhöfnum, ég til dæmis enda mjög oft á því að kaupa mér yfirhafnir.
Hvað ertu ánægðust með í eigin fari? Ég er mjög ánægð með toppinn minn, en ég er líka mjög ánægð með að vera ekki lengur feimin, sem ég var lengi vel.



Guðríður Hafsteinsdóttir (30)

Menntaður klæðskeri, vinnur í vegabréfaeftirlitinu í Keflavík ásamt því að vera dresser í Þjóðleikhúsinu.
Svartar gallabuxur: Vero Moda.
Svartur bolur: Pineapple í London.
Grá kápa: ZARA, keypti hana á útsölu einhvern tíma fyrir löngu.
Turna (kímono-peysa): Volcano Design – keypt í búðinni Systur & makar í Síðumúla.
Skór: Vagabond
Hálsmen: Tré lífsins frá Fjólu gullsmíð í Keflavík. Trefillinn hef ég átt mjög lengi og sólgleraugun koma úr apóteki.
Kaupir þú oft notaðar flíkur? Já, ég reyni það og fer á fatamarkaði og kaupi oft notað á Netinu.
Hefur þú kíkt í Extraloppuna? Já, ég keypti einmitt skó þar fyrir nokkrum vikum.
Hvað finnst þér nauðsynlegt að eiga í fataskápnunum? Góða kápu og góða vetrarskó.
Hvað ertu ánægðust með í eigin fari? Þakklæti, hvað ég er þakklát fyrir lífið og hvern dag.



Eiður Logi Jónasson (22)

Málari í lausamennsku. Eiður segist ekki velta sér mikið upp úr fatamerkjum.
Skórnir: Er ekki alveg viss um hvaðan þeir koma.
Buxur: Keyptar á Spáni
Peysa: 66°Norður
Grá peysa: Jólaljóf frá ömmu minni.
Gleraugu: Fékk þau að gjöf frá einhverjum ókunnugum á Dillon.
Kaupir þú mikið af notuðum flíkum? Já, ef ég kaupi mér föt á annað borð þá eru það notuð föt, ég fer oftast á fatamarkaði Hertex.
Hvað finnst þér nauðsynlegt að eiga í fataskápnunum? Nóg af jökkum, gott úrval fyrir mismunandi daga.
Hvað ertu ánægðastur með í eigin fari? Sköpunarkraftinn.

„Ef ég kaupi mér föt á annað borð þá eru það notuð föt, ég fer oftast á fatamarkaði Hertex.“

Þórdís Eyvör Valdimarsdóttir (47)

Framhaldsskólakennari, mikið fyrir þægilegan fatnað.
Skór: Keyptir í New York, man ekki í hvaða verslun.
Sokkabuxur: Oroblu, keyptar í Fríhöfninni.
Grá peysa: Keypt í Danmörku.
Vínrauður peysukjól: Lindex
Prjónapeysa og trefill: Íslenskt handverk eftir hönnuð sem heitir Eva Vilhelmsdóttir, merkið hennar heitir Utanum.
Taska: Handöfnin, kemur alla leið frá Mexíkó.
Hvað finnst þér nauðsynlegt að eiga í fataskápnunum? Ullarnærföt og fallega yfirhöfn.
Hvað ertu ánægðust með í eigin fari? Hvað ég á auðvelt með að kynnast fólki.





MOS MOSH DAGAR

20% af öllum vörum
frá Mos Mosh

Gildir út laugardag 12.10

hjá
Hrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is



Umsjón / Ragna Gestsdóttir

„Margir líkja mér við Frank Hvam“

Valdimar Vífísson, skólastjóri Öldutúnsskóla og formaður fjölskylduráðs í Hafnarfirði, er mikill áhugamaður um kvikmyndir og sjónvarpsseríur. Hér segir hann frá fjórum þáttaröðum sem tilvalið er að horfa á í hámi.



Klovn

„Það er einfaldlega ekki til neitt betra í sjónvarpi en þessir þættir. Betri en Friends og þættir sem þú getur horft á aftur og aftur og aftur. Segja frá samskiptum Franks og Caspers og ruglinu sem þeir lenda í. Það eru senur í þáttunum sem vitnað er í. Ég tengi líka sérstaklega við þessa þætti þar sem margir líkja mér við Frank Hvam, er einstaklega duglegur að koma mér í vandræðalegar aðstæður.“



Unbelievable

„Átakanlegir og erfiðir þættir. Segja sögu ungrar konu sem er nauðgað og fáir trú á henni. Það er ekki fyrr en tvær rannsóknarlögglukonur, sem báðar eru að rannsaka nauðg-unarmál, kynnast, sem hjólin fara að snúast. Virkilega vandaðir þættir sem áhorfandinn á erfitt með að hætta að horfa á fyrr en allt er búið.“



The Boys

„Nýtt sjónarhorn á ofurhetjur. Svakaleg sería sem ég kláraði á tveimur kvöldum, gat ekki hætt. Þó að um sé að ræða ofurhetjur er sagan raunsæ. Þættir um góðar og spilltar ofurhetjur og andspyrnuhreyfingu sem ætlar sér að fletta ofan af slæmu ofurhetjunum. Þættirnir eru blóðugir og kómískir í senn. Get ekki beðið eftir seríu tvö.“



Næturvaktnir

„Þættir sem hægt er að horfa á oft og mörgum sinnum. Drepyndnir, dramatískir en umfram allt skemmtilegir. Frábærlega skrifaðir og frasar í þeim sem munu lifa lengi með þjóðinni. Með því betra sem hefur verið gert í íslensku sjónvarpi.“



HEIMA-Skagi í fyrsta sinn

Ólafur Páll Gunnarsson, útvarpsmaður á RÚV, hefur síðastliðin sex ár haldið tónlistarhátíðina HEIMA í Hafnarfirði ásamt fleiri aðilum. Þann 1. nóvember mun hann halda sambærilega hátíð í fyrsta sinn á Akranesi.

Texti / Ragna Gestsdóttir Mynd / Aðsend

Hugmyndin að HEIMA í Hafnarfirði fæddist á Iceland Airwaves árið 2011 eða 2012 þegar ég og Kiddi kanína í Hljómalind hittum þar færskan vin okkar, Jon Tyril, sem var í hljómsveitinni Clickhaze með Eivör. Hann sagði okkur að hann væri að starta nýrri hátíð í Gøtu í Færeyjum helgina á eftir sem heitir HOYMA,“ segir Óli Palli um tilurð hátíðarinnar í Hafnarfirði.

„Ég og Kiddi horfðum hvor á annan: „Þetta er geggjuð hugmynd, við ætlum að stela þessu og setja upp í Hafnarfirði,“ sem við gerðum vorið eftir, fyrsta vetrardag.“ Þeir félagar héldu hátíðina fyrst saman, en síðustu ár hafa Tómas Ragnarsson og Henny María Frímansdóttir séð um hana ásamt Óla Palla.

Hátíðin fær útibú á Skaganum

Fyrir tæpum tveimur árum flutti Óli Palli ásamt fjölskyldu sinni upp á Skaga og fór þá að hugsa um að halda sambærilega hátíð þar. „Þegar ég flutti hugsaði ég að það væri svo gaman að halda þetta hér líka, svona útibú sem er minna í sniðum. Þetta er svo skemmtilegt konsept, svo mikil nánd og öðruvísi en allir aðrir tónleikar sem maður fer á,“ segir hann og bætir við að HEIMA í Hafnarfirði muni að sjálfsgöðu halda áfram. „Já, það er móðurskipið.“

Óli Palli fékk Hlédís Sveinsdóttur til liðs við sig. „Hún er ansi dugleg og gerir allt mögulegt frá því að setja upp matarmarkaði að tæknimessum. Hún býr líka rétt hjá mér og mér fannst tilvalið að fá hana með mér í þetta, enda líka leiðinlegt að vera einn að brasa í svona.“

Eitt kvöld, 12 tónleikar, sex heimahús

HEIMA-Skagahátíðin fer fram



Óli Palli og Hlédís halda tónlistarhátíðina HEIMA-Skagi.

föstudaginn 1. nóvember og er haldin í tengslum við menningarhátíð Skagamanna, Vökudaga. Sex listamenn/hljómsveitir koma fram sem spila tvisvar sinnum hver í jafnmörgum húsum. Þeir sem koma fram eru Friðrik Dór, Högni Egilsson, Jónas Sig, Ragnheiður Gröndal, Valgeir Guðjónsson og Úlfur Úlfur. Þeir fyrstu stíga á stökk klukkan 20 og þeir síðustu enda um klukkan 23.

„Þú kaupir miða á Tix.is, skiptir svo miðanum í armband og færð kort og dagskrá og ferð svo bara og sérd það sem þú vilt,“ segir Óli Palli. „Aðallega er spilað í HEIMA-húsum (Vesturgata 32, Vesturgata 71b, Skólabraut 20 og Grundartún 8.) Svo erum við í Akraneskirkju líka og á litlu brugghúsi, Báran, sem er nýopnað, og þetta er allt á gamla Skaganum sem er líka skemmtilegt.“

Er ekkert mál að fá fólk til að opna heimili sín fyrir bláókunnugu fólk?

„Þetta er svo skemmtilegt konsept, svo mikil nánd og öðruvísi en allir aðrir tónleikar sem maður fer á.“

„Það hefur nú verið minna mál en margur myndi halda. Það var svolítið erfitt fyrsta árið í Hafnarfirði og líka svolítið erfitt að selja fólk miðana, sumir voru feimnir við að koma heim til fólks. Við kveiktum strax á perunni hvað þetta var skemmtilegt konsept, og vorum vissir um að við myndum rokselja strax, sem gerðist svo ekki. En síðan hefur þetta bara gengið vel og sífellt betur, og uppselt var á síðustu hátíð. Fólk þekkir konseptið úr Hafnarfirði, þannig að þetta var ekki mikið mál. Vinir mínir og skyldfólk opna heimili sín og það var auðsótt.“

Að dagskrá lokinni í heimahúsunum er svo „eftirpart“ á Gamla Kaupfélaginu sem er opið öllum og frítt inn. Þar getur fólk hist og borið saman bækur sínar og heyrða tóna eftir kvöldið. Þess má geta að ekki spila allir á sama tíma og þeir sem eru duglegastir að röltu á milli sjá flest atriði.

ERTU AÐ FLYTJA? VANTAR ÞIG SENDIBÍL

CARGO 566 5030
sendibíla-leiga www.cargobilar.is

„Vera Illugadóttir svæfir mig á hverju kvöldi“


Hjálmar Örn Jóhannsson, skemmtikraftur, Snapchat-stjarna og hvítvínkona með meiru, er með eigið hlaðvarp, ásamt Helga Jean Claessen: Hæ hæ-ævintýri Helga og Hjálmars. Hann hlustar á fleiri hlaðvörp en sitt eigið.

Hér eru nokkur hlaðvörp sem hann mælir með sem fjalla um hans uppáhaldsefni: grín, fótbolta og sögu.



Parf alltaf að vera grín?

„Ég ætla að setja í fyrsta sæti Parf alltaf að vera grín? með Ingó, Tinnu og Tryggva. Það er þáttur sem ég reyni alltaf að hlusta á og sleppi aldrei. Elska þau, gott kemestrí.“



Dr. Football

„Dr. Football sem er einhver allra skemmtilegasti fótboltaþátturinn sem er núna í gangi.“



Fótbolti.net og Vera Illuga

„Og svo verð ég að segja að ég er með svolítið „varity“ þegar kemur að þriðja sætinu, og ég ætla að stikla á stóru. Það er þegar Fótbolti.net kemur með einhver góð podköst sem eru einmitt um fótbolta enn og aftur vegna þess að ég elska þegar er verið að hlusta og tala um fótbolta. Svo er ég einnig hrifinn af Íljósi sögunnar með henni Veru Illugadóttur, hún svæfir mig á hverju einasta kvöldi, ég hlusta alltaf á það. Og nýju þættirnir hennar, Leðurblakan, sem mér finnst reyndar líka alveg geggjaðir. Hæfilega langir.“





ÚLPUR - JAKKAR OG KÓSÝ PEYSUR STÆRÐIR 14-28 EÐA 42-56

Vertu velkomin í verslun Curvy
í Hreyfilshúsinu við Grensásveg

Eða pantaðu í netverslun www.curvy.is



Úlpa
16.990 kr
Stærð 14-28



Peysa
6.990 kr
Stærð 14-28



Úlpa
15.990 kr
Stærð 14-28



Peysa
4.990 kr
Stærð 14-28



Úlpa
12.990 kr
Stærð 14-28



Úllarjakkí
16.990 kr
Stærð 14-28

Curvy

Fellsmúli 26 v/Grensásveg | 108 Reykjavík | sími 581-1552 | www.curvy.is



Albumm

TÓNLIST



Texti / Steinar Fjeldsted



Valby-bræður á blússandi siglingu

Valby-bræður sem hafa verið áberandi í íslensku rappsenunni voru að senda frá sér glænýja plötu sem nefnist einfaldlega Valby bræður.

■ Það eru þeir Jakob Valby, Danni Croax og Alexander Gabriel sem skipa sveitina, en Alexander pródúsar flest lögin á plötunni. Fjöl-margir aðrir koma að gerð hennar, svo sem Money Badger, Ugly Since91, Jói úr Reddlights, Lady-Babuska og fleiri. Platan er komin á Spotify en er einnig fánleg á geisladiski. Hægt er að nálgast hana í Lucky Records við Rauðarárstíg og í Macland við Laugaveg.

Haukur H sendir frá sér plötuna Eyðibýli



■ Rapparinn Haukur Ægir Hauksson, eða Haukur H eins og hann er iðulega kallaður, var að senda frá sér plötuna Eyðibýli. Haukur H er beinskeyttur rappari sem lætur áttakanleg málefni ekki liggja á hillunni. Kappinn hefur getið sér gott orð fyrir beitta og flotta texta sem hlustandinn dregst inn í og er Eyðibýli að margra áliti vel unnin plata, en hún er komin út á geisladiski og er væntanleg á allar helstu streymisveitur.

Hætti að drekka og sköpunargáfan blómstraði

Tónlistarkonan Karítas hefur í nógu að snúast um þessar mundir. Ásamt því að dj-a og vera meðlimur í Reykjavíkurdætrum var hún að senda frá sér sína fyrstu plötu, Songs 4 Crying. Albumm hittu á Karítas og byrjaði á að spurja út í tilurð plötunnar.

Texti / Sigrún Guðjohnsen Mynd / Berglaug



Karítas er að senda frá sér sína fyrstu plötu, Songs 4 Crying, sem inniheldur elektró / R n B tónlist.

Ég fór að semja lög og texta í kringum 2013, en fyrir það hafði ég alltaf átt frekar erfitt með að semja og hélt að ég hefði það ekki í mér. Mig grunar að það hafi eitthvað tengst því að ég hætti að drekka á þessum tíma og að það hafi opnað fyrir sköpunargleðina hjá mér,“ útskýrir Karítas, og bætir við að hana hafi langað til að gefa út sólóverkefni en aldrei fundið pródúser sem náði hljómunum sem hún leitaði eftir. Eða alveg þar til hún hlustaði á plötu Daða Freys, & co. „Þegar ég heyrði plötuna hans Daða í fyrra ákvað ég að senda línu á hann og athuga hvort hann væri til í að vinna með mér nokkur lög,“ segir hún. „Þegar við tókum fyrsta stúdíó-„sessionið“ small þetta strax saman og eftir það tók svo í kringum ár að klára plötuna.“

Karítas hefur verið Dj í um fimm ár eða frá árinu 2014. Hún segir það hafa byrjaði með því að hún bað vin sinn sem var plötusnúður

„Mig grunar að það hafi eitthvað tengst því að ég hætti að drekka á þessum tíma, og að það hafi opnað fyrir sköpunargleðina hjá mér.“

að kenna sér aðeins að dj-a. Stuttu síðar hafi hún fjárfest í eigin græjum og farið að æfa sig í skiptingum og að mixa. Þetta hafi undið frekar hratt upp á sig og áður en hún vissi af var hún byrjuð að spila á skemmtistöðum í bænum um hverja helgi. „Ég spila mest á Prikinu og hef verið fastur Dj þar í um það bil þrjú ár. Tónlistin er mjög breytileg hjá mér en ég spila mest hip-hop/trap-tónlist. Annars fer það eiginlega bara eftir því hvar ég er að spila. Ég hef til dæmis tekið disco/funk/soul-sett og old school

hip hop dj-sett sem brýtur upp spilamennskuna.“

Hvað er mest heillandi við að vera plötusnúður? „Að lenda á skemmtilegu dansgólfi og fá góða orku frá fólki.“

Eins og fyrr segir hefur Karítas í nógu að snúast en að hennar sögn er gott skipulag lykilinn að því að allt gangi upp. Það skemmtilegasta við þetta sé að fá tækifæri til að ferðast um allan heim með vin-konum sínum og spila fyrir mörg þúsund manns. „Svo er auðvitað líka frábært að fá svona góðar móttökur á tónlist sem maður gefur út sjálfur. Í gegnum spila-mennskuna hef ég síðan kynnst mörgu frábæru fólki sem hefur hjálpað mér með tónlistina mína og ég er mjög þakklát fyrir það.“

Annars segist hún vera önnur kafin við að klára efni fyrir plötu í fullri lengd. „Já, ætli maður verði ekki bara að fara að auglýsa einhverja útgáfutónleika bráðum,“ segir hún og brosir.

Albumm mælir með



Útgáfutónleikar Halldórs Eldjárn

■ Í tilefni af útgáfu fyrstu sólóplötu Halldórs Eldjárn, Poco Apollo, blæs hann til útgáfutónleika í Iðnó þann 17. október. Þar mun koma fram einvalalið hljóðfæraleikara til að flytja plötuna í heild sinni. Miðaverð er 2.990 krónur og hægt er að kaupa miða á Tix.is eða við innganginn.

Tónlistarveisla á Gauknum



■ Zak and the Krakens, Kul og Flavor Fox blása til heljarinnar tónleika á Gauknum á morgun, laugardaginn 12. október. Fjórð hefst stundvíslega klukkan 21 og eru gestir hvattir til að mæta snemma. Selt er inn við innganginn.

Rauður fagnar sinni fyrstu plötu



■ Tónlistarkonan Rauður fagnar útgáfu sinnar fyrstu plötu, Semilunar, á morgun, laugardaginn 12. október. Fjórð fer fram á Hlemmur Square en það eru bræður hennar úr hljómsveitinni Andy Svarthol sem sjá um að koma mannskapnum í gírinn. Tónleikarnir hefjast klukkan 20.30. Enginn aðgangseyrir.

Heldur upp á afmælið með útgáfu nýrrar plötu




Tónlistarkonan Lára Rúnars sendir frá sér sína sjöttu plötu, Róttin, á afmælisdegi sínum þann 31. október. Í tilefni dagsins mun Lára fagna útgáfu plötunnar í Bæjarbíói þar sem Lára og hljómsveit munu skapa fallega stemningu og notalegt samtal um lífið og lögin.

■ Að sögn Láru er platan lágstemmd, einlæg og falleg. Lögin fjalli um hennar eigin reynsluheim, samskipti við fólk, sjálfsvinnuna og þroskan sem af henni hlýst. Hún fjalli um móður-hlutverkið, ástina, togstreituna sem lífið færir og fegurðina við að leysa hana úr læðingi.

Lög og textar á plötunni eru eftir Láru sjálfa en hún vann útsetningar í samstarfi við Sóleyju

Stefánsdóttur og Albert Finnbogason. „Ég er ótrúlega þakklát að hafa fengið Sóleyju með mér og ástæðan fyrir því að ég talaði við hana í upphafi var vegna þess hve ótrúlega vel hún tófrar fram allskonar þræði, lætur þá fléttast saman og enda síðan í einhverju fallegu,“ útskýrir hún. „Hún og Albert eru bæði sérlega næm á það hvað þjónar lagasmíðinni og hvað ekki.“

Tónleikarnir fyrrnefndu fara fram í Bæjarbíói í Hafnarfirði, heimabæ Láru, fimmtudagskvöldið 31. október klukkan 21. Hljómsveit Láru skipa ásamt Láru, Sóley Stefánsdóttir, Albert Finnbogason, Arnar Gíslason, Birkir Rafn Gíslason, Sigrún Kristbjörg Jónsdóttir og Unnur Jónsdóttir. Þess má geta að nú þegar hafa þrjár smáskífur af plötunni komið út: Segja frá, Altari og Dansi Dansi. Lögin má finna á Spotify og tilvalið er að hlýða á þau til að fá tilfinningu fyrir stemningu kvöldsins.



SVO MIKLU, MIKLU MEIRA Á ALBUMM.IS



Tónlist / Menning / Viðburðir / TV

Nýr iPhone 11

Kominn í verslanir Epli



🍏 iPhone 11

6,1" Liquid Retina skjár | **A13** Bionic örgjörvi
12MP Tvær myndavélar: Wide & Ultrawide með Night Mode
Face ID Öruggt auðkenni | Apple Pay

Dökkgrár | **Grænn** | **Gulur**
Fjólublár | **Rauður** | **Hvítur**



Laugavegi 182 og Smáralind | Sími 512 1300 · epli.is



5 staðreyndir

Umsjón / Ragna Gestsdóttir

„Mætti í heiminn með látum og hef látið fara fyrir mér síðan“

Eva Ruza Miljevic gleðigjafi hefur starfað við skemmtibransann sem veislustjóri, kynnrir og fleira í nokkur ár, auk þess að starfa í blómabúð fjölskyldunnar. Hér ljóstrar hún upp fimm staðreyndum um sjálfa sig.

1 „Ég er með lítið ör á brjóstinu, eftir að ég var að elda pizzu. Ég ákvað að hoppa í sturtu meðan pissan bakaðist í ofninum en gleymdi svo að ég var að baka hana. Eftir langa og kósí sturtu mundi ég hvað ég var að gera, stökk fram allsber og kippti plötunni úr ofninum. Brussugangurinn svo mikill við það að ég rak sjóðandi plötuna beint í brjóstið og brenndi mig. Mér er ekki viðbjargandi.“

2 „Ég hef aldrei átt kreditkort og aldrei tekið yfirráttarheimild. Þar spilar uppeldið stóran þátt, en mamma og pabbi sögðu alltaf að maður ætti að eiga peninga fyrir því sem maður vildi gera og ég tók þau á orðinu. Hann Siggi minn á nú samt kreditkort – en ég ætla bara að halda mig við kreditkortalaust líf. Ég gæti hangið á Netinu í tíma og ótíma og keypt mér einhvern óparfa; endar bara í vitleysu. Ég kann líka kortanúmerið hans Sigga utan af, þannig að þetta sleppur.“

3 „Ég hef aldrei getað staðið á höndum NÉ farið í handahlaup. En þetta er líka stórhættulegt, þannig að ég er hætt að reyna. Ég vil lífa.“

4 „Ég notaði gleraugu alla mínu æsku og fram á fullorðinsár – var með mjög slæma sjón. Allt þangað til ég fór í leiser og fékk sjónina á ný. Klárlega besta sem ég hef gert fyrir sjálfa mig. Mamma og pabbi eyddu miklum peningum í gleraugu fyrir mig þegar ég var yngri, því ég átti það til að ganga á staura og stíga ofan á þau. Það er liðin tíð.“

5 „Ég fæddist sitjandi. Mætti í heiminn með látum og hef látið fara fyrir mér síðan.“



Buff fagnar 20 árum með sögutónleikum

Hljómsveitin Buff er 20 ára í ár og fagnar áfanganum með þrennum tónleikum þar sem hljómsveitarmeðlimir ætla að spila eigin tónlist auk þess að rifja upp skemmtilegar sögur og viðburði frá 20 ára ferli.

Umsjón / Ragna Gestsdóttir Mynd / Aðsend

Okkur fannst ekki hægt annað en fagna þessum tímamótum á einhvern hátt og fannst við hæfi að gera það með því að spila okkar tónlist. Það var eiginlega ómögulegt að fara yfir 20 ára tímamótum án þess að gera nokkurn skapaðan hlut,“ segir Pétur Örn Guðmundsson. „Við höfum haldið útgáfutónleika fyrir plötunna okkar, en þar fyrir utan höfum við ekki spilað eigin tónlist í því formi sem við ætlum að gera núna. Þrennir tónleikar eru ákveðnir en gætu orðið fleiri, við erum að skoða fleiri staði.“

Hljómsveitin Buff var stofnuð í tengslum við stofnun sjónvarpsstöðvarinnar SkjásEins. „Við vorum beðnir um að vera húsbandið í spjalþættinum Axel og félagar, sem Axel Axelsson, útvarpsmaður og fjölmiðlamaður, sá um. Svo tók Gunni Helga við í smátíma, og við vorum Gunni og félagar, en enduðum svo sem Björn og félagar, þegar Björn Jörundur Friðbjörnsson tók við þættinum,“ segir Pétur Örn. „Við vorum þarna í tvö til þrjú ár sirka og spiluðum svona inn og út úr auglýsingahléum með einhver stef á kassagitar, ekki okkar eigin tónlist. Svo vorum við líka með einn grínskets í hverjum þætti.“

Plötunna, böll og manna-breytingar

Buff hefur gefið út þrjár plötur með eigin lögum, sú fyrsta kom út árið 2003. „Mörg laganna á henni voru gömul lög eftir mig síðan í menntaskóla,“ segir Pétur Örn. Þegar næsta plata kom út árið 2005 höfðu orðið nokkrar manna-breytingar á sveitinni. Bergur Þór Geirsson, Villi Goði og Matti Matt voru hættir. Þriðja platan var tekin upp í Danmörku og kom út árið 2008. „Það var rosa gaman og sú plata innihélt



Einar Þór Jóhannsson, Stefán Örn Gunnlaugsson, Pétur Örn Guðmundsson, Haraldur Vignir Sveinbjörnsson, Hannes Heimir Friðbjarnarson og Karl Olgeirsson.

„Maður fær gamlan gleðiföring og áttar sig á af hverju maður ákvað að verða músikant.“

mörg lög sem gerðu það bara mjög gott og voru talsvert mikið spilud og lyftu sveitinni á hærra stig.“

Í rúm tvö ár var sveitin alla sunnudaga á Glaubar. „Það var fastur kjarni sem kom og hlustaði á okkur þar alla sunnudaga og við leyfðum fólki einfaldlega að velja lögin og vorum svo með grín á milli laga.“

Buff kom einnig fram í þáttunum Það var lagið, sem Hemmi Gunnheitinn stýrði og segir Pétur Örn að þeir hafi alltaf kallað hann pabba og hann þá syni sína. „Okkur þótti óskaplega vænt um

hann og það fór svo vel á með okkur. Þættirnir voru rosaleg törn en gaman að vera í sjónvarpinu.“

Sex manna sveit

Í dag er Buff skipuð sex mönnum og þar af fimm lagahöfönum. „Það er hver snillingurinn þar á fætur öðrum. Hljómsveitin Buff hefur alltaf í raun verið tvær hljómsveitir, hljómsveitin sem spilar á böllum og svo hljómsveitin sem semur eigið efni og tekur upp. Við höfum líka tekið upp mörg lög sem hafa ekki komið út á plötu en hafa kannski komið út í einhverju formi.“

Meðlimir eru allir á fullu í öðrum verkerfnum. Pétur Örn og Einar Þór eru í Dúndurfréttum, Hannes og Haraldur eru í Dead Sea Apple.

Aðspurður segir Pétur Örn að von sé á nýrri tónlist en ekki er afraðið með nýja plötu. „Við erum að taka upp tvö lög sem koma út á næstu vikum og að minnsta kosti annað þeirra verð-

ur frumflutt á tónleikum.“

Við erum allir rosalega spenntir fyrir þessu, bara eins og að vera í bílskúrnum í gamla daga, hitta strákana og búa til músík. Ástæðan fyrir því að maður fór í músík er sú að manni þótti gaman að semja og gera tónlist. Skemmtikraftahlíðin er aukreitiss og það sem maður hefur lífað á í gegnum tíðina.“

30 prósent sögustund

„Við ætlum að spila skemmtilega tónlist og segja líka alls konar sögur enda gengið á ýmsu á 20 árum og ýmsir skemmtilegir hlutir komið upp á. Þetta verður 70% músík og 30% sögustund,“ segir Pétur Örn. „Maður fær gamlan gleðiföring og áttar sig á af hverju maður ákvað að verða músikant, það skiptir máli að gleyma ekki upphafinu, hvað ýtti manni þangað sem maður er í dag. Það skiptir máli að hlúa að draumunum.“

Advertisement for Ping Pong.is featuring an image of hands holding ping pong paddles and a ball. Text includes 'ÞU FINNUR ALLT FYRIR AHUGAMÁLIN HJÁ OKKUR' and contact info for SÍÐUMÚLI 35 (gengið inn að aftanverðu) - 108 Reykjavík - S: 5683920. Opið 12:30-18:00.

Advertisement for Landsbjörg titled 'Frá vöggu til grafar'. Text discusses the Ráðstefnan Slysavarnir er haldin nú um helgina í þriðja sinn á Grand Hótel Reykjavík. Includes a photo of Svanfríður Anna Lárusdóttir and contact info: Nánari upplýsingar um ráðstefnuna má finna á heimasíðu hennar: www.slysavarnir.is.

SÓFADAGAR

20% afsláttur af sérpöntunum

10-40%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
SÓFUM



habitat 



TEKK COMPANY OG HABITAT
SKÓGARLIND 2, KÓPAVOGI
SÍMI 564 4400 | OPIÐ MÁN-FÖS 10-18
LAU 11-17 OG SUN 13-17
VEFVERSLUN Á WWW.TEKK.IS



Stór pizza m/ 2 áleggjum

Large pizza with 2 toppings.

2.290 kr.

Velkomin! Fjölbreytt úrval af pizzum og meðlæti.



Castello - Pizzeria | Dalvegi 2, 201 Kópavogur | Dalshrauni 13, 220 Hafnarfjörður | Sími 577 3333

castello.is

MANNLÍF

BIRTINGUR EHF | ÚTGAUFÉLAG | SÍÐUMÚLA 28, 108 REYKJAVÍK | S: 5 15 5500 | 37. TÖLUBLAÐ 3. ÁRGANGUR | FÖSTUDAGURINN 11. OKTÓBER 2019

mannlíf.is

Ritstjórn: ritstjorn@birtingur.is

Síðast en ekki síst

Eftir / Stefán Pálsson

Veggjöld eða fátækraskattur?

■ Hugmyndir um einhvers konar veggjöld eru komnar til umræðu og verða líklega eitt helsta pólitíska deilumálið næstu misserin. Veggjöldin tengjast hugmyndum um stórfamkvæmdir í samgöngumálum, en eru líka viðbrögð við þeirri staðreynd að rafbíla-væðingin mun innan fárra ára kippa fótunum undan því kerfi olúgjalds sem staðið hefur undir vegagerð í landinu. Einnig koma til umferðarsjónarmið og baráttan gegn losun gróðurhúsalofttegunda.

Í Noregi, sem kominn er miklu lengra í þess háttar gjaldtöku, hafa helstu gagnrýnendur hennar reynt býsna óvæntir bólfélagar: annars vegar hægri-popúlistarnir í Framfaraflokknum og hins vegar þau sem gagnrýna notendagjöld í samgöngum frá vinstri-vængnum.

Teikn eru uppi um að sama mynstur sé að líta dagsins ljós hér heima. Auðvelt er slá út af borðinu gagnrýni þeirra lýðskrumara sem þræta fyrir hamfarahlýnun af mannavöldum eða álíta hana í það minnsta ekki nógu mikilvæga til að það taki sig að hrófla við núverandi lífsháttum og þá sérstaklega einkabílnum heittelskaða. Hin sjónarmiðin þarf frjálslýnt fólk á vinstri vængnum hins vegar að taka alvarlega.

Veggjöld eru sögð skattur sem leggist þyngst á þá efnaminni. Það er í sjálfu sér rétt og gildir jafnframt um núverandi olúgjaldskerfi. En sú gagnrýni á allt eins við um virðisaukaskatt. Það er hinum fátæka þungbærara en auðmanninum að kaupa mjólkurpott en lausnin á því getur varla verið sú að tekjutengja vaskinn! Að byggja fjármögnun hins opinbera alfarið á tekjusköttum er áhugaverð fræðileg umræða, en ekki sérlega raunhæf til skemmri tíma lítið.

Neyslustýrandi skattar, til dæmis á áfengi og tóbak og grænir skattar, svo sem á úrgangsslosun, lenda eðli málsins samkvæmt þyngra á tekjulágum. Lausnin á því hlýtur að vera sú að bæta kjörin en ekki að hafna neyslustýringu og grænu skattkerfi. Eðlilega vill verkalyðshreyfingin standa

vörð um hag síns fólks, en á sama hátt og hún berst ekki fyrir að tóbaksverðið lækki í nafni félagslegs jöfnuðar, þá getur hún ekki heimað óbreyttar akstursvenjur í nafni kjara-baráttu nú á tímum hamfarahlýnunar.



nettó

nettó í 30 ÁR 1989 - 2019

30 ÁRA AFMÆLISTILBOÐ NETTÓ!

Hamborgarhryggur Kjötsel
998 KR/KG
ÁÐUR: 1.535 KR/KG

30 ÁRA VERÐ

-35%

Appelsínur
128 KR/KG
ÁÐUR: 255 KR/KG

-50%



Tilboðin gilda 11. - 13. október

GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ

Útsala

10-70%

afsláttur af völdum vörum í VERSLUN

skiptidýnur og eldri gerðir, sófar, hvíldarstólar, náttborð, lök, hótélhandklæði og baðmottur. Höfðagaflar, sængur, sængur í stærri stærðum, teppi, rúmföt, sloppar o.fl. o.fl.

Komdu núna gerðu frábær kaup!

20% afsláttur af VanDyck mjúkvörum

50% afsláttur af völdum heilsukoddum

12 mánn.
VAXTALAUSAR
GREIÐSLUR

Svefn & heilsa
★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Ópið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00



vefverslun
svefnogheilsa.is

Umboðsaðilar: | Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum